

Leiklist á ekki að vera eins og dýrt hobbí

SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR RÆÐIR UM STÖÐU ÍSLENSKRAR LEIKLISTAR, FERILINN Í ÞÝSKALANDI OG FJALLKONUHLUTVERKIÐ



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remmax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júní 2007 – 169. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



Fullkominn kokkteill

Læknarnir Magnús Páll Albertsson og Ragnar Jónsson skelltu sér í laganám.

FÓLK 30

Ætlaði alltaf á toppinn

Margrét Lára Viðarsdóttir er markahæsti leikmaður kvennalandsliðsins í fótbolta frá upphafi.

FÓLK 30

Skattalækkanir

„Lækka ber skatta á fyrirtæki og einstaklinga í því skyni að örva atvinnulífið,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.


Í DAG 8

Hvað verður um Eið?

Thierry Henry er á leið til Barcelona og framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen er í mikilli óvissu.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG




LÆGIR OG LÉTTIR TIL Norðanáttin er enn í kortunum en er mun hægari í dag en hún var í gær. Enn er hlýjast sunnanlands en það hlýnar talsvert fyrir norðan og austan í dag.

VEDUR 4

Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Staða þorsstofnsins alvarleg

Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Háskóla Íslands, telur nauðsynlegt að gera þjóðaráttak í hafrannsóknnum. Hún vill fylgja tillögum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á þorski á næsta fiskveiðiári.

SJÁVARÚTVEGUR „Ég tek heilshugar undir það með Hafrannsóknastofnun að staðan er mjög alvarleg. Þeir kveða sterkt að orði en réttilega að mínu mati. Við verðum að fara eftir veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta fiskveiðiár og jafnframt að setja upp áætlun til langs tíma um hvernig staðið verður að rannsóknnum og nýtingu stofnsins til framtíðar,“ segir Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Guðrún segir að miðað við hagsmuni íslensks samfélags séu allt of litlir fjármunir settir í hafrannsóknir. Tækni hafi fleygt fram sem gefur

tækifæri til að rannsaka fiskstofna á nýjan hátt. „Hvað varðar þorskin þá er ákaflega mikilvægt að efla rannsóknir á stofngerð, útbreiðslu, atferli og lífssögu undirstofna sem og athuganir á hrygningarstöð og uppeldisslóð.“

Fiskirannsóknir eru dýrar og til að standa vel að slíkum rannsóknum þyrfti að veita 70-100 milljónum á ári í þorskrannsóknir að mati Guðrúnar. „Ef við tölum um heildarmyndina þá þurfum við örugglega milljarð í hafrannsóknir til viðbótar á hverju ári til þess að geta virkilega staðið að þessu með glæsibrag. Við erum þó ekki að tala um svo mikinn kostnað saman-

borið við það sem auðlindin er að gefa okkur til baka.“

Þorsstofninn við Nýfundnaland hrundi árið 1993 og Guðrún segir því að Íslendingar hafi dæmi um hvað getur gerst hérlendis. „Þeir treystu ekki þeirri þekkingu sem þeir höfðu. Þeir gerðu þjóðaráttak þegar stofninn hrundi með því að setja fjármagn í rannsóknir, meðal annars í háskólunum. Það skilaði vissulega mikilli þekkingu en rannsóknirnar voru gerðar á stofni sem var horfinn. Við höfum mun betri upplýsingar en þeir höfðu þá og erum á þeim tímamarki að það er hægt að snúa við.“

- shá / sjá viðtal á síðu 14



BIÐRÖÐ EFTIR BOLTAÁRITUN Eiður Smári Guðjohnsen var vinsæll meðal ungvíðisins sem skemmti sér á fjölskyldudegi Eimskips í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær. Um fimm hundruð starfsmenn og börn þeirra nutu veðurbliðunnar í garðinum. Eiður Smári lét ekki sitt eftir liggja því auk þess að árita bolta sýndi hann ýmsar kúnstir með bolta og spilaði fótbolta við krakkana.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Mikið moldrok var á Suðurlandi í gær og sást vart milli bæja á sumum stöðum:

Hugmyndir um að stífla Hagavatn

NÁTTÚRA Mikið moldrok var á Suðurlandi fyrirhluta dags í gær og að sögn sást varla á milli bæja sums staðar um tíma þar sem moldarkófið var svo mikið. Björn Sigurðsson, bóndi í Úthlíð, segir að ekki sé óalgennt við þau veðurskilyrði sem verið hafa á svæðinu síðustu daga að slíkt moldrok verði. „Hér er búinn að vera hálfmánaðar þurrkur, sól og hiti og þegar hvesir skyndilega af norðri fer allt af stað,“ segir Björn.

Upptök moldroksins voru í Hagavatni þar sem eru uppborn-

aðir aurbotnar sem eiga það til að fjúka upp að sögn Björns. „Þess vegna er eiginlega búið að ákveða að best sé að stífla Hagavatn og hækka það um svona tólf metra. Þá myndi það flæða yfir aurbotnana og hægt væri að hefjast handa við að græða upp. Þetta þarf að sjálfsgöðu að fara í gegnum umhverfismat en það er afskaplega mikil samstaða hjá sveitarstjórn og skipulagsyfirlöndum og allir á einu máli um að við verðum að gera þetta og hefðum átt að vera búin að því fyrir löngu.“

Margeir Ingólfsson, oddviti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, staðfestir að það hafi verið í umræðunni í tölurverðan tíma að ráðast í þessar framkvæmdir og líklega verði byrjað á undirbúningsvinnu í sumar. „Sveitarstjórnin hefur verið mjög hlynnt því síðustu árin að farið yrði út í aðgerðir til þess að hefta þetta mikla moldrok sem hefur verið. Við getum sagt að þessar framkvæmdir yrðu svona jákvætt inngrip í náttúruna til þess að færa hana í sitt fyrra horf,“ segir Margeir.

- eð



ELWOOD Ljótleiki hans varð honum næstum að aldurtíla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundurinn Elwood: Kryndur ljótasti hundur heims

BANDARÍKIN, AP Hinn tveggja ára gamli Elwood var á föstudag kryndur heimsins ljótasti hundur, í hundakeppni í Kaliforníu.

Elwood þykir minna á Star Wars-persónuna Yoda. Hann er svartur og hárlaus, fyrir utan hvítan hanakamb.

Fyrir utan titilinn hlutu Elwood og eigandi hans, Karen Quigley, ríflega sextíu þúsund krónur í verðlaun. „Mér finnst hann það sætasta í heiminum,“ segir Karen Quigley.

- sgi



Sumarvörurnar 2007





Eyþór, verður þetta eilíf hamingja, basl og klúður?

„Hún segir já, ef ég einhvern tímann mun finna hana í Selfoskirkju.“

Eyþór Arnalds bæjarfulltrúi mun kvænast unnustu sinni í lok mánaðarins. Eyþór er í hljómsveitinni Todmobile, sem söng um eilífa hamingju, basl og klúður í laginu Brúðkaupslagið.

Mikill áhugi á samskiptum:

Kínverjar senda 20 sendinefndir

UTANRÍKISMÁL Yfir 20 kínverskar sendinefndir hafa komið eða eru væntanlegar hingað til lands á þessu ári. Starfsmaður kínverska sendiráðsins segir báða aðila geta grætt á auknum samskiptum.

Yang Jiaqi, starfsmaður kínverska sendiráðsins á Íslandi, segist vita til þess að yfir 20 sendinefndir hafi komið eða séu væntanlegar á árinu, og það séu allt sendinefndir sem hitta muni íslenska ráðamenn.

Spurður um mikinn áhuga á samskiptum við Ísland sagði Jiaqi að báðir aðilar geti grætt á auknum samskiptum, Kína sé stór markaður og Ísland hafi þekkingu á sviði jarðhita og sé auk þess vænlegur áfangastaður kínverskra ferðamanna.

- bj

Forseti Afganistan:

Líf Afgana er ekki ódýrt

AFGANISTAN, AP Forseti Afganistans, Hamid Karzai, sakaði í gær hermenn Bandaríkjanna og NATO um gáleysislegar aðgerðir og vanvirðingu við Líf Afgana. „Saklaust fólk hefur oft orðið fórnarlömb gáleysislegra aðgerða NATO og alþjóðlega herafllans,“ sagði forsetinn.

Á föstudag varð loftárás NATO herafllans 25 almennum borgurum að bana. „Líf Afgana er ekki ódýrt og þannig á heldur ekki að koma fram við það,“ sagði Hamid Karzai forseti.

- sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Enn á gjörgæslu

Tvö ungmennanna sem lentu í árekstrinum á Geirsgötu á fimmtudagskvöld liggja á gjörgæsludeild Landspítalans og hafa bæði gengist undir aðgerð. Þriðja ungmennið hefur verið fært á almenna deild.

Lítið er um geitunga á höfuðborgarsvæðinu og fá bú hefur þurft að fjarlægja:

Geitungarnir seint á ferðinni

NÁTTÚRA „Það er lítið sem ekkert af geitungum og það er bara hending ef við fáum tilkynningu um geitungabú,“ segir Ómar F. Dabney meindýraeyðir hjá Meindýravörnum Reykjavíkur. Hann segir að lítið hafi verið um geitunga síðustu tvö sumur og telur að stofninn hafi orðið fyrir áfalli.

Annars staðar á landinu er sömu sögu að segja. Það er lítið um geitunga og þau geitungabú sem meindýraeyðar hafa þurft að fjarlægja eru lítil.

Guðmundur Óli Scheving, meindýraeyðir á Selfossi, telur ekki að geitungum hafi farið fækkanði. „Þeir eru bara seinni af stað núna

en ég hef fulla trú á að þeim eigi eftir að fjölga þegar líður á sumarið,“ segir Guðmundur sem telur líklegt að kuldakastið í vor hafi haft þessi áhrif. „Það eru nánast eingöngu trjágeitungar á ferð núna og hending ef maður sér holugeitung. Þeir eru yfirleitt seinna á ferðinni en trjágeitungarnir svo þeir eiga eftir að bætast í hópinn þegar líður á sumarið,“ segir Guðmundur sem kveðst hafa eytt nokkrum búum í sumar sem öll hafi þó verið lítil.

Það er tiltölulega stutt síðan geitungar námu land í Vestmannaeyjum en íbúar þar segja að meira sé um þá nú en áður. Á meðfylgj-



GEITUNGUR BYR SÉR BÚ Þetta geitungabú fannst í Vestmannaeyjum en þar hefur verið mikið af geitungum undanfarið

MYND/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

andi mynd má sjá lítið geitungabú sem íbúar við Hólagötu fundu í garðinum sínum.

- þo



SLÖKKVISTARF GEKK HÆGT Langt var í vatn og aðstæður erfiðar til slökkvistarfs á Miðdalsheiði. Mosinn sem brann er talinn vera hraunagambri. Mikinn reyk lagði frá brunasvæðinu og sást hann víða að.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sviðin jörð eftir mosabruna á Miðdalsheiði

Sextíu slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn börðust við mosabruna á Miðdalsheiði í gær. Slökkvistarf stóð langt fram á kvöld. Gróðurvistfræðingur efast um að mosinn nái sér á strik á næstunni. „Hlýtur að vera af mannavöldum,“ segir slökkviliðsmaður.

GRÓÐURELDAR Um sextíu slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn börðust við sinuelda á Miðdalsheiði frá því um miðjan dag í gær og fram á kvöld.

Slökkvistarf gekk hægt þar sem aðstæður voru erfiðar og langt í vatn. Mikinn reyk lagði frá vettvangi og sást hann víða að.

„Þetta er svo langt frá öllum vegum að það þurfti að leggja gríðarlega langar vatnslagnir að þessu,“ segir Sigurbjörn Guðmundsson, aðstoðarvarðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Mosinn sem brann er líklega af tegundinni hraunagambri, að sögn Sigurðar H. Magnússonar gróðurvistfræðings.

„Ísland er eiginlega þekktast fyrir þennan mosa. Það hafa allir



PORSTANUM SVALAÐ Þessi slökkviliðsmaður slökkti þorsta sinn á milli þess sem hann slökkti elda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

séð hann. Hann vex hægt og það tekur örugglega langan tíma fyrir hann að koma aftur,“ segir Sigurður.

„Það er ekki svo víst að það verði mikill mosi sem kemur í staðinn,“ segir Sigurður. „Ég reikna með að

það komi háplöntur í staðinn, til dæmis grös, starir, sóleyjar, fíflar og fleira.“

Sigurður segir margt á huldu um hvernig landsvæði gróa eftir mosabruna. „Við vitum ekki nákvæmlega hvað gerist eftir að svona mosi brennur, því að það hefur ekki verið mikið um það, sem betur fer,“ segir Sigurður.

„Þetta hlýtur að vera af mannavöldum, það er nokkuð ljóst,“ segir Sigurbjörn. „Þetta kviknar ekki af sjálfu sér. En hvort það er beinlínis íkveikja eða övart, ég get ekki svarað því.“

Grunur leikur á að kviknað hafi í út frá einnota grilli, sem skilið hafði verið eftir á víðavangi.

emilia@frettabladid.is steindor@frettabladid.is

Fastanúmer uppurin:

Númerakerfinu breytt í vikunni

UMFERÐARMÁL Fjöldi fastanúmera á bifreiðar Íslendinga er uppurinn og því stendur til að breyta númerakerfinu í næstu viku. Með núverandi fyrirkomulagi var hægt að gefa út rúmlega hálfa milljón númera en með nýja fyrirkomulaginu verður mögulegur númerafjöldi rúmlega tvær milljónir.

Hingað til hafa íslensku númerin verið tveir bókstafir í fyrri dálki og þrjú tölustafir í seinni dálki en héðan í frá verður einnig möglegt að fá númer með bókstaf fremst í seinni dálki. Gert er ráð fyrir að nýja fyrirkomulagið dugi næstu fimmtíu árin. - eö

Fór á fund Benedikts XVI:

Sögusagnir um trúskipti Blairs

BRETLAND, AP

Fundur Tonys Blair, fráfaraðandi forsætisráðherra Bretlands, með Benedikt XVI páfa í Róm um helgina, hefur gefið sögusögn um um að hann

sé að ihuga að gerast rómversk-kaþólskur byr undir báða vængi. Dagblaðið The Guardian hafði í gær eftir ónafngreindum heimildamönnum að boð erkibiskupsins af Westminster, Cormacs Murphy-O'Connor kardinála, til Blair-hjónanna að þiggja með sér hádegisverð í fornum prestaskóla fyrir enska kaþólikka í Róm væri merki um að Blair væri í þann mund að ganga kaþólsku kirkjunni á hönd.

Skrifstofa Blairs ítrekaði í yfirlýsingu að hann væri enn í ensku biskupakirkjunni. - aa



TONY BLAIR

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvaður undir stýri

Lögreglan á Sauðárkróki stöðvaði einn ökumann í fyrinótt sem ók ölvður um götur bæjarins.

Óspektir og eignaspjöll

Tveir gistu fangagæmslu lögreglunnar á Akranesi í fyrinótt, annar fyrir ölvun og hinn fyrir ölvun, óspektir og eignaspjöll. Mikið fjölmenni er í bænum vegna KB-móts í fótbolta en gestir þess hafa hagað sér vel að sögn lögreglu.

Sofnaði undir stýri

Lögreglan á Hvolsvelli kom tveimur mæðgum til aðstoðar í gær sem höfðu ekið út af veginum vestan við Landvegumót. Móðirinn sem var að keyra hafði sofnað undir stýri með þessum afleiðingum. Mæðgurnar sluppu báðar ómeiddar.

Fangelsið umdeilda í bandarísku herstöðinni við Guantanamo-flóa á Kúbu:

Ákvörðun sögð nærri um lokun

BANDARÍKIN, AP Bandarísk yfirvöld eiga aðild að byggingu nýs fangelsis í Afganistan, þangað sem sumir af fongunum í fangelsinu umdeilda í herstöð Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu kunna að verða fluttir. En talsmaður Hvíta hússins sagði í gær að fangelsinu í Afganistan væri ekki ætlað að koma í staðinn fyrir Guantanamo-fangelsið.

Vilji bandarískra yfirvalda stæði aftur á móti til að senda afganska ríkisborgara, sem eru í haldi sem „óvinveittir bardagamenn“ í Guantanamo, í fangelsi í Afganistan, þar sem þeir fengu mannúlega meðferð en væri ekki „hleyp aftur út á vígvöllinn“.

Á fimmtudag lak það út að Bandaríkjastjórn væri að nálgast ákvörðun um að loka Guantanamo-fangelsinu og flytja fangana í önnur herfangelsi, þar á meðal í



FRÁ GUANTANAMO Þar eru um 375 fangar enn í haldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

öryggisherfangelsið í Fort Leavenworth í Kansas, þar sem réttad kynni að verða yfir fongunum. Þetta hafði AP-fréttastofan eftir ónafngreindum heimildamönnum innan stjórnarinnar í Washington.

Áformað hafði verið að þjóðaröryggis- og lögfræðiráðgjafar

George W. Bush forseta hittust til að ræða málið í fyrradag, föstudag, en eftir að orðrómurinn lak út lét Hvíta húsið þau boð út berast að ekkert yrði af fundinum og engin ákvörðun um framtíð Guantanamo-fangelsisins yrði tekin í bráð.

- aa

Reykjavík
871 ±2

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17



Minjasafn
Reykjavíkur

NÝTT!

**VIÐBÓTARLÁN SPRON
Á LÁN FRÁ ÍBÚÐARLÁNASJÓÐI
Í ERLENDRI MYNT!**

Þitt stærsta lán er frelsi!

Íbúðalán SPRON í íslenskri og erlendri mynt einkennast af frelsi í nútíð og framtíð.

Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.

Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

FRELSIÐ ER ÞITT:

Íbúðalán SPRON – allt í íslenskri mynt

- **Þú getur valið** á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

Íbúðalán SPRON – allt í erlendri mynt

- **Þú getur valið** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

Samsett íbúðalán SPRON – erlend og íslensk mynt

- **Þú getur valið** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- **Þú getur valið** hvert hlutfallið er milli íslenskrar og erlendar myntar.

Samsett íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs

- **Þú getur valið** um að fá viðbótarlán frá SPRON á lán frá Íbúðalánasjóði í íslenskri eða erlendri mynt.

75 ára

 **spron**

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	62,24 62,54
Sterlingspund	124,22 124,82
Evra	83,55 84,01
Dönsk króna	11,222 11,288
Norsk króna	10,458 10,520
Sænsk króna	9,021 9,073
Japanskt jen	0,5014 0,5044

SDR	94,00	94,56
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
113,7954		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Kona sýknuð fyrir að smygla eiturfjögum á Litla-Hraun og dró játningu til baka:

Vissi ekki hverju átti að svara

DÓMSMÁL Kona var á föstudag sýknuð fyrir að hafa ætlað að smygla rítalíni til kærasta síns á Litla-Hrauni í desemberlok. Fíkniefnahundur hafði merkt konuna á leið hennar inn í fangelsið 29. desember. Konan meinaði fangavörðum að leita á sér og yfirgaf fangelsið. Lögregla stöðvaði hana þegar hún ók burt og leitaði í bílnum. Fundust þá 20 rítalíntöflur, tvær sprautur og tvær sprautunálar í veski í bílnum. Konan játaði að hafa ætlað að smygla lyfjunum til kærastans og sagði hann eiga þau, en dró játn-

inguna síðar til baka. Sagði hún að hún hefði ekki vitað hverju hún hefði átt að svara og hefði þótt skynsamlegast að játa. Varsla á rítalíni og sprautum er ekki refsiverð og þar sem fanga-verðir gátu ekki staðfest að konan hafi ætlað að smygla veskinu inn var hún sýknuð. Dómarinn sagði jafnframt að fíkniefnahundur geti ekki merkt rítalín sem fíkniefni. Ákærvaldið hélt því fram að hundurinn merki rítalín sem fíkniefni, þar sem það innihaldi amfetamín. Rítalín inniheldur hins vegar ekki amfetamín.



RÍTALÍN Inniheldur ekki amfetamín eins og ákærvaldið vildi meina.

Nýr fjölmiðill lítur dagsins ljós:

Eyjan hefur tekið til starfa

FJÖLMÍÐLAR Netfjölmiðillinn Eyjan tók til starfa í gærmorgun. Starfsemi miðilsins tengist ekki blaðaútgáfu eða ljósvakamiðlum og birtist efni hans einungis á vefnum www.eyjan.is. Rítstjórar Eyjunnar eru Andrés Jónsson og Pétur Gunnarsson, en margir þekktir bloggaramanna blogga á síðunni, meðal annars Egill Helgason, Össur Skarphéðinsson, Arna Schram og Björn Ingi Hrafnsson. Auk hefðbundinna fréttaskrifa tengir Eyjan á fréttir annarra vefmiðla, bæði innlendra og erlendra.

Skilorð fyrir að hóta sýslumanni: Ætlaði að láta hunda éta hana

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að hóta Inger L. Jónsdóttur, sýslumanni á Eskifirði, lífláti með símtölum í október í fyrra. Manninum, sem áður bjó á Neskaupstað, var mjög í nöp við Inger sýslumann. Honum þótti hún hafa sýnt því lítinn skilning þegar hann og félagi hans kvörtuðu yfir því við hana að tiltekinn maður sakaði þá um samkynhneigð og dreifði þeirri sögu um bæinn. Þá hafi hún ákært hann fyrir líkamsárás eftir að hann braut disk í mótuneyti með þeim afleiðingum að maður slasaðist. Maðurinn hótaði því meðal annars að láta grimma Rottweiler-hunda éta sýslumanninn.

Deilur um krossinn í Hvalfirði: Viðkvæmnin kemur á óvart

HVALFJÖRÐUR „Ég hef nú bent á að það er krossmark í íslenska þjóðfánanum. Þessi viðkvæmni fyrir krossinum kemur mér á óvart,“ segir Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar. Sveitunar Einars hafa sumir hverjir mótmælt því að kross sé í merki sveitarinnar. Sveitarstjórinn telur þá gagnrýni komna út í öfgar, en hana má meðal annars finna á vef sveitarfélagsins. Þar ræða Hvalfirðingar fagurfræðilegt gildi merkisins og merkingarfræðilegar vísanir.



MERKID NÝJA

Nýr sáttmáli ríkja Evrópusambandsins

Leiðtogar allra 27 ríkja Evrópusambandsins sættust á nýtt samkomulag eftir maraþonviðræður. Stjórnarskrá ESB ekki lengur á dagskrá. Samningaviðræður stóðu alla nóttina vegna óánægju Póllands með breytingar á kosningakerfi.

BELGÍA, AP Leiðtogar ríkja Evrópusambandsins náðu í gær samkomulagi um nýjan sáttmála eftir tveggja daga samningaviðræður í Belgíu. Sáttmálanum er ætlað að koma í stað stjórnarskrárinnar, sem til hafði staðið að innleiða. Leiðtogar allra 27 aðildarríkja samþykktu sáttmálan, einnig Pólverjar, þrátt fyrir mikla andstöðu við hann áður fyrr. „Ég er mjög ánægður,“ sagði Lech Kaczyński, forseti Póllands. „Við þurfum ekki að sætta okkur við neitt sem við vorum ekki hrifin af.“ Angela Merkel, kanslari Þýskalands, leiddi viðræðurnar, en hún hafði gert það að forgangsverkefni að klára sáttmálan á meðan formennsku Þjóðverja stendur í Evrópusambandinu.



NEFJUM STUNGID SAMAN Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, voru kampakát með niðurstöðuna.

„Þetta sýnir að Evrópa getur náð saman að lokum.“

ANGELA MERKEL KANSLARI ÞÝSKALANDS Markmið viðræðanna var að endurvinnna lyklatríðin úr stjórnarskrá ESB, sem hafnað var í þjóðaratkvæðagreiðslum í Hollandi og Frakklandi. Helstu atriði nýja sáttmálsins varða kosningakerfi ESB, ákvarðanatökufæri innan sambandsins og aukid vald þess til stefnumótunar. Angela Merkel var ánægð í lok fundar og fagnaði því að lyklatríði stjórnarskrárinnar gengju í endurnýjun lífdaga í sáttmálan-

um. „Þetta sýnir að Evrópa getur náð saman að lokum,“ sagði hún. Pólverjar höfðu mótmælt sáttmálanum frá upphafi fundarins og sögðu breytingar á kosningakerfinu minnka vægi Pólverja. Þeir hugðust beita neitunarvaldi, ef ekki yrði gengið að kröfum þeirra. Á föstudagskvöld sættust Pólverjar loks á tillögu sem var runnin undan rifjum Merkel og Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands. Önnur ríki bentu einnig á atriði sem þeim líkaði ekki, en endanleg

sátt náðist ekki fyrr en klukkan fimm um nóttina. „Þetta gekk lengi á, en við höfum náð því sem við vildum,“ sagði Merkel á blaðamannafundi í gærmorgun. Sáttmálinn verður að öllum líkindum samþykktur formlega í árslok. „Ég held að ekkert geti hindrað þetta ferli núna,“ sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands. „Það mikilvægasta er að stjórnarskráin var lögð til hliðar. Þessi sáttmáli gefur okkur tækifæri til að líta fram á veginn,“ sagði Blair.



DANSKIR HERMENN Í ÍRAK Ótti um örlög túlka. NORDICPHOTOS/AFP

Örlög íraskra túlka rædd: Verði veitt hæli í Danmörku

KAUPMANNAHÖFN, AP Nú þegar Danir eru að undirbúa brottför hermanna sinna frá Suður-Írak sætir ríkisstjórnin sívaxandi þrýstingi að veita íröskum túlkum og öðrum sem aðstoðuðu dönsku hermennina hæli í Danmörku. Örlög 21 Íraka, sem þetta á við um, eru nú ákaft rædd í Danmörku og endurspeglar sú umræða þá síðfræðilegu klípu sem þau lönd standa frammi fyrir sem kalla herlið heim frá Írak: Er í lagi að skilja eftir heimamenn sem tóku þá áhættu að aðstoða erlendu hermennina? „Lausn í máli þeirra verður tilbúin í næstu viku,“ boðaði Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra í gær.

Óánægja hjá SUS: Ætti að leyfa spilakeppni

FJÁRHÆTTUSPIL Samband ungra sjálfstæðismanna gagnrýnir þær aðgerðir lögreglu að stöðva spilakeppni í Reykjavík um síðustu helgi. Í ályktun frá sambandinu segir meðal annars: „Þörf er á því að fjarlægja úr íslenskum lögum heimildir stjórnvalda til þess að hafa afskipti af einstaklingum sem stunda starfsemi eða afþreyingu sem er öðrum skaðlaus, jafnvel þótt einhverjum kunni að þykja hún siðferðislega ámælisverð.“

EKKI TREYSTA BARA Á VEDRIÐ

EGILS APPELSÍN LIMÓNADI

SUMARUPPBÓTIN ÞÍN

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C skýjað	London	16°C skúrir	Eindhoven	20°C skúrir
Billund	20°C rigning	Paris	20°C skúrir	Basel	27°C léttskýjað
Osló	21°C skúrir	Frankfurt	24°C skýjað	Alicante	28°C heiðskirt
Stokkhólmur	20°C hálfskýjað	Friedrichshafen	29°C skýjað	Róm	31°C léttskýjað
Gautaborg	21°C skýjað	Berlín	23°C skúrir	Las Palmas	23°C léttskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

TOYOTA D-4D



Kostirnir eru augljósir

ISLENSKA SIA IS TOY 27855 06/07

Toyota - framfarir fyrir umhverfið

Sparneytnari, umhverfisvænni og aflmeiri.

Með D-4D tækninni hafa dísilvélar Toyota tekið stórstígum framförum. Vélarar eyða minna eldsneyti á meðan aflið hefur aukist til muna. D-4D dísilvélar Toyota eru hljóðlátar og bjóða upp á þægilegan akstur með miklu tugi sem kemur sér vel við framúrakstur á þjóðvegum og í fjölbreyttum innanbæjarakstri.

Dísilvélar Toyota nýta eldsneytið betur og losa mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar sem gerir þær umhverfisvænni og ódýrari í rekstri.

Hægt er að fá flestar gerðir Toyota-bíla með dísilvél en úrvalið spannar vélar með rúmtaki frá 1,4 upp í 3,0 lítra sem skila afli frá 90 upp í 177 hestöfl.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

KJÖRKASSINN



Eru nauðgunardómar nógu þungir?

Já 7,9 %
Nei 92,1 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttast þú áhrif loftslagsbreytinga?

Segðu skoðun þína á visir.is



Léttum og þungum vélhjólum fjölgaði um 107 prósent á árabílinu 2003 til 2006.

Slysum fjölgaði helmingi meira en hjólunum

UMFERÐ Vélhjólaslysum á Íslandi fjölgaði talsvert meira en hjólunum sjálfum frá árinu 2003 til 2006. Á þeim tíma fjölgaði vélhjólum, léttum sem þungum, um 107 prósent, en slysum á sama tíma um 168 prósent. Séu talin með óhöpp þar sem einungis verður eignatjón, en ekki slys á fólki, er aukningin 166 prósent.


Ekki hafa verið teknar saman tölur fyrir árið 2007, nema fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins. Slíkar tölur gefa afar skakka mynd, þar sem vélhjólumferð dreifist mjög ójafnt yfir árið, og er minnst á veturna.

Enginn lést í vélhjólaslysi árið 2003, tveir árið 2004, einn 2005 og

þrjár í fyrsta. Enginn hefur látist í vélhjólaslysi í ár. Nokkrir hafa slasast alvarlega, þar á meðal fyrrverandi stjórnarmaður í Sniglunum sem hálsbrotnaði í árekstri eftir ofsaakstur nýverið.

Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn segir lögregluna ekki hafa hugað að sérstökum aðgerðum til að sporna við vélhjólaslysum. Hann segir lögregluna ekki hafa skoðað sérstaklega hvort slys séu algengari meðal vélhjólamanna en öðrum bíla. Hann bendir þó á að slysum hafi fram til þessa alltaf fækkað hlutfallslega miðað við fjölgun ökutækja, þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað talsvert frá árinu 2000. -sh

VÉLHJÓLASLYS OG VÉLHJÓLAEIGN



HEIMILD: UMFERDARSTOFA

SJÚKRAFLUG

Um fjögur sjúkraflug á dag

Flugfélagið Mýflug, sem sér um sjúkraflug á norðursvæði landsins, fékk ellefu útköll frá miðvikudegi til föstudags. Er það með mesta móti. Við sjúkraflugið starfa lækna og sjúkraflutningamenn, auk áhafna.

LÖGREGLUFRETTIR

Hraðakstur á þjóðvegum

Lögreglan á Húsvík hefur verið að stöðva ökumenn fyrir hraðakstur síðustu daga og náði einum á 141 kílómetra hraða á Tjörnesi á föstudagskvöldið. Lögreglan í Borgarnesi hefur verið að gera slíkt hið sama og stöðvaði fimm ökumenn fyrir að keyra of hratt.

Þungir dómar falla vegna grófari glæpa

Fimm ára fangelsisdómur í nauðgunarmáli Jóns Péturssonar er sá þungsti sinnar tegundar frá upphafi. Óvenju þungir dómar hafa fallið í ofbeldis- og nauðgunarmálum að undanfögnu. „Dómar hafa þótt vægir,“ segir lögfræðingur.

DÓMSMÁL „Kannski það sé að gerast að aukinn skilningur í samfélaginu á eðli og afleiðingum kynferðisbrota sé að einhverju leyti að skila sér í þyngri refsingum.“

Þetta segir Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir lögfræðingur. Hún skrifaði kandidatsritgerð sína um afbrotið nauðgun.

Jón Pétursson fékk á þriðjudag fimm ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir nauðgun, frelsissviptingu og ofbeldi. Dómurinn er sá þungsti sinnar tegundar sem fallið hefur á Íslandi.

„Dómar fyrir ofbeldisbrot hafa verið að þyngjast, en sú þróun hefur átt sér stað á síðustu tíu árum.“

HILDIGUNNUR ÓLAFSDÓTTIR
AFBROTAFRÆÐINGUR

„Refsingar fyrir nauðganir hafa verið í kringum tvö ár og í alvarlegustu tilvikum um fjögur ár,“ segir Þorbjörg. „Þetta er því þungur dómur en það verður að líta til þess að þetta er sérstakt mál.“

Jón Pétursson notaði kjötöxi og búrhníf við verknaðinn og hélt fórnarlambinu fongnu hátt í sólarhring, beitti konuna ofbeldi og nauðgaði henni. „Nauðgun er hins



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Tveir óvenju þungir dómar hafa fallið í Héraðsdómi Reykjavíkur á síðustu vikum.

vegar alltaf mjög alvarlegt afbrot og dómur í þessum brotaflokki hafa verið gagnrýndir og þótt of vægir,“ segir Þorbjörg.

Hinn 12. júní síðastliðinn féll þungur dómur fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Reykjavíkur. Jón Trausti Lúthersson fékk 18 mánaða dóm fyrir hrottalega líkamsárás. Í því máli var refsiramminn

fullnýttur.

Auk þess að hljóta hámarksdóm fyrir brotið, 12 mánuði, nýtti dómurinn ákvæði í lögum sem leyfir þyngingu refsingar um helming fyrir sérstaklega alvarleg brot. Dómurinn taldi Jón Trausta „ofbeldisfullan einstakling“.

Ingvar Búi Halldórsson fékk 12 mánaða dóm fyrir sömu líkamsárás, þó að hún hafi verið hans fyrsta brot. „Niðurstaða dómsins var sú að atlagan að brotaþola hefði verið fólkskuleg og sýnt vægðarleysi og hrottaskap. Það hefur sennilega sitt að segja í þessu máli,“ segir Þorbjörg, sem sótti málið fyrir hönd lögreglunnar.

Jón Trausti og Ingvar Búi misþyrmdu 27 ára karlmanni í tíu mínútur, börðu hann með bareflum, spurkuðu í höfuð hans og migu yfir hann.

„Það kemur alltaf einn og einn dómur sem er þyngri en aðrir, svo að það er erfitt að dæma það út frá einstaka tilfellum hvort dómur hafi þyngst,“ segir Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur.

„Dómar fyrir ofbeldisbrot hafa verið að þyngjast, en sú þróun hefur átt sér stað á síðustu tíu árum. Ég býst við að þróunin hafi náð hámarki,“ segir Hildigunnur.

steindor@frettabladid.is

Sumarstemning

HEITASTA VÉLIN

Canon EOS 400D með 18-55mm linsu

10,1 milljón pixla
2,5" skjár
Níu punkta fókus
Digic II örgjörvi
3 rammar á sek.
allt að 27 rammar í burst
Picture style – mismunandi litir og áhrif
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu
Video out
Vegur aðeins 510 grömm
Val á yfir 60 linsum við vél



HANS PETERSEN

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind



Auglýsing um skipulagsmál í Garði.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðs 1998-2018. Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðs 1998-2018, Svæði ofan Garðvangs. Breytingin felst meðal annars í að íbúðasvæði stækkar og stofnbraut færir. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði einbýlishúsa og parhúsaloðir.

Tillaga að Deiliskipulagi ofan Garðvangs Samkvæmt 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi ofan Garðsvangs. Deiliskipulagstillagan sýnir m.a. íbúðarbyggð stækkar.

Tillögurnar verður til sýnis á skrifstofu Garðs að Melbraut 3 frá og með 25. júní 2007 til 23. júlí 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 6. ágúst 2007.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Garðs að Melbraut 3, Garði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykka hana.

Bæjarstjóri.

Kerfi fyrir greiðslukort með örgjörvum senn tekið upp:

Prófanir á nýju kerfi lofa góðu

VERSLUN Prófanir standa nú yfir á nýju posakerfi fyrir örgjörvakort, þar sem þess er krafist að viðskiptavinir stimpli inn PIN-númer til að staðfesta viðskiptin. Vonir standa til þess að nýja kerfið verði komið í flestar verslanir fyrir áramót.

„Kerfið er enn á tilraunastigi, en það er búið að setja upp á fjórða tug tækja í verslunum hér í borg þar sem við erum að prufukeypa þetta áður en þetta fer í almenna dreifingu,“ segir Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Fjölgreiðslumiðlunar. Fyrirtækið rekur og vottar allan posabúnað, kassaafgreiðslukerfi og hraðbanka, en það er í eigu banka og greiðslukortafyrirtækja.

Nýja kerfið hefur verið tals-



ÖRGJÖRVAKORT Greiðslukort eru nú mörg hver komin með örgjörva sem geymir sömu upplýsingar og segulröndin, en eykur öryggi í kortavíðskiptum.

verðan tíma í vinnslu, en árið 2004 boðaði Fjölgreiðslumiðlun þessa tækni-breytingu í bréfi til söluaðila. Þar segir að ástæður megi fyrst og fremst rekja til „gríðarlegrar aukningar greiðslukortaflestar verslanir fyrir áramót.“

svika“, en í nýja kerfinu þurfa viðskiptavinir að stimpla inn PIN-númer sitt í stað þess að skrifa undir til að staðfesta færsluna, sem eykur öryggi.

Logi segir að innleiðing kerfisins hafi dregist. Ekki hafi verið talin ástæða til að fara eins hratt í að innleiða tæknina eins og í Bretlandi, þar sem greiðslukortasvik hafi verið afar algeng. Nú verði settur kraftur í dreifingu á kerfinu í sumar og haust, með það að markmiði að komast sem allra lengst á þessu ári. -bj



MEÐ TUMA Guðrún ásamt Sunnu Björnu Sigurjónsdóttur.

Tölvuleikurinn Tumi og tákinn:

Kemur á markað í september

MENNTUN „Við höfum fengið mikil og jákvæð viðbrögð,“ segir Guðrún Eiríksdóttir tölvunarfræðingur sem rætt var við í Fréttablaðinu á miðvikudag. Guðrún hannaði tölvuleik fyrir heyrnarskert börn ásamt vinkonu sinni en leiknum er ætlað að örva málþroska.

Margir hafa haft samband við Fréttablaðið og spurt hvar leikurinn fái. Guðrún segir að leikurinn sé ekki kominn í almenna sölu en hann sé væntanlegur á markað í september.

„Þeir sem vilja fá leikinn strax geta keypt leikskólaútgáfuna en hún er aðeins dýrari en útgáfan sem kemur í haust,“ segir Guðrún. Hægt er að skoða leikinn á síðunni www.tumifun.com. -þo

MAX

RAFTÆKI

7.989 kr.

Fullt verð ~~11.488~~



Bókin fylgir á meðan birgðir endast!

Exido 244002

- Óflug 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Óþarfi að taka fráen úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að hreinsa



69.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

10 MEGAPIXEL

TVÆR LINSUR

RYKFRÍ TÆKNI

Olympus E400DZKIT

- Digital SLR myndavél
- 10 milljónir punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Supersonic Wave Filter - eyðir út ryki á myndum
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure
- Þrjár Manual stillingar
- Sjú myndstærðir

- 19 programme Modes
- USB 2.0 tengi
- Tímarofi
- Tekur CompactFlash, Microdrive og xD kort
- Tvær Digital linsur fylgja
- Linsa 1: 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm)
- Linsa 2: 40 - 150mm (35mm samb.: 80 - 300mm)



Panasonic 7100

- Stafrænn DECT/GAP sími
- Geymir 50 númer með nafni sé það skráð
- Símaskrá fyrir 20 nöfn og númer
- 10 númer úr símaskrá möguleg í skammvali
- Rafhlaða endist 20 tíma í tali og 170 í bið
- Innbyggður hátalari fyrir handfrjálssa notkun

- Tengja má allt að 6 handtæki við móðurstöðina
- Tengja má hvert handtæki við allt að 4 móðurstöðvar
- Fjölradð hringitónar (Polyphonic)
- Stíllanlegur hjóðstyrkur hringingar
- Rafhlöðurmerki á skjá
- Hlé á samtali
- Ljós í takkaborði

5.989 kr.

Fullt verð ~~7.989~~



Philips CD5301S

- Þráðlaus DECT sími
- Stór LCD lítaskjár með bakljósi
- Polyphonic hringitónar
- 50 númer og nöfn í minni
- Birtir 20 númer með tíma og dagsetningu
- 12 tíma hleðsla í notkun og 6+ dagar í bið
- SMS skilaboð með 50 minnum
- Flott valmyndakerfi
- Símtal á bið

3.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~



Doro Z6

- Dregur 50 m innanhúss og 300 m utanhúss
- Rafhlaðan endist 10 klst í notkun og 100 klst bið
- Hleðslumælir á skjá
- Birting síðustu 10 númera
- Slökkva má á hringingu
- Stíllanlegur hjóðstyrkur og hringitónar
- Loka má fyrir hjóðnema handtækis
- 10 símanúmer í minni og endurval

6.989 kr.

Fullt verð ~~8.989~~



Philips DECT122

- Þráðlaus DECT sími
- 30 númer í minni
- 10 tíma hleðsla í notkun og 5 í bið
- Endurval í síðustu 20 númer
- Sýnir númer sem hringir



79.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~

Siemens SE35M554ED

- 60sm uppþvottavél
- 12 manna
- Hljóðlát 47 dB (A)
- Fimm kerfi
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- Skjár sýnir tíma sem eftir er
- Má stilla fram í tímann
- Vatnsflæðivörn
- Þvott hæfni A
- Þurrk hæfni A
- Orkunýting A

9.989 kr.

Fullt verð ~~12.989~~

Exido 240004

- 2200w pokalaus ryksuga
- 400w sogkraftur
- HEPA filter
- Safnar ryki í box
- Auðvelt að tæma
- 7m kapall
- Þyngd: 5kg



3.489 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Melissa 640040

Einföld og góð 1400w ryksuga



OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær
tækjakaup

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Við erum beint á móti IKEA

Kunnum við nægileg skil á eðli Jónsmessunnar?

Ljósið loftin fyllir

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Nú eru dagar langir, birtan hvolfist yfir okkur þessi dægrin: nætur skammar og er dregur að hinu forna miðnætti leggst þögn yfir allt. Heyra má samtall manna langt að í borginni – sláttumann bölvu yfir gamalli tvíngengisvél sem vill ekki þýðast hann til sláttar langt að.

Utan við jaðar byggðar er náttúran söm við sig, kvöldhljóðin dýrlegu, kvakið og þeyrinn, dofna er nóttin sígur á og næturþögnin einstaka, þetta djásn íslenska sumarsins umlykur okkur og við verðum eitt með landinu.

Stóru álitamál dagsins eru nefnilega tengd umgengni okkar og vörslu við landið: nýting lífsins gæða úr sjó, nýting vatns af fjalli, markaðar ferðaleiðir okkar um fáfarna og fjölfarna staði: samgöngurnar, vegirnir.

Jónsmessan eru tímamörk í samfélaginu sem hafa lengi verið vanvirt. Þessi ævaforni siður eru leifar löngu liðins tíma heiðni og síðar kaþólsku. Við Jónsmessuna skiptir um: erill borgarinnar slaknar, um landið allt kviknar líf, rétt eins þeir sem búa við sjávarsíðu og inn til héraða þekki sinn vitjunartíma. Okkur er boðið til hátíðahalda víða um land. Tónlistin, þessi sammanleggi kraftur, er nýtt til samverustunda, dans stiginn, eldar kvikna í augum og þessa nótt víða á fjalli og við strönd. Við verðum öll óvissir ferðalangar á nýjum næturstað og væri hollt að vaka þá nótt.

Ekki síst til að við hugsum hvert fyrir sig og öll í senn hvernig við viljum búa landið, gæta þess, hlúa að því og geyma það. Jónsmessunóttin er andakt. Fyrir löngu höfum við týnt þeim sið að lesa blóm og leggja koddann undir höfuðlagið eins og frændur okkar Sviar gera enn. Við höfum líka gleymt þeim sið að ganga með eld þessa nótt milli byggða sem er falletgur minnisvarði um vörslu eldsins. Við höfum í flimtingum þann sið að leggjast í grasið og lauga okkur í næturdögginni. Næturgangan á þessum tímamörkum er enn lifandi, ómissandi mörgum sem leggjast á forna slóða eða sækja á tinda skamma nóttina.

En öll verðum við á undarlegan hátt börn landsins þessa nótt og þann sið ættum við að efla.

Stóru álitamál dagsins eru nefnilega tengd umgengni okkar og vörslu við landið: nýting lífsins gæða úr sjó, nýting vatns af fjalli, markaðar ferðaleiðir okkar um fáfarna og fjölfarna staði: samgöngurnar, vegirnir. Þola öræfi okkar hundruð þúsunda ferðalanga sumarlangt? Hingað koma þeir til að njóta þess sem við eigum, kyrrðarinnar, stilltra morgna og svala daganna. Þessi dýrmæti eiga þéttbýlisbúar heimsálfanna í austri og vestri ekki lengur. Hingað koma þeir að njóta þeirra.

Því ber okkur að gæta þeirra vel. Minnumst þess þennan daginn eftir helgustu nótt ársins utan jólanæturinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lítt reynd

Nokkur umræða skapaðist um alþingismenn sem jafnframt sitja í sveitarstjórnum í kjölfar afsagnar Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur úr borgarstjórn Reykjavíkur. Þegar Árni Þór Sigurðsson hættir í borgarstjórn í haust verða eftir sex sveitarstjórnarmenn á þingi. Fjórir þeirra sitja í fjárlaganefnd; Ármann Kr. Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Gunnar Svavarsson og Kristján Þór Júlíusson. Öll eru þau nýliðar á þingi, eins og félagar þeirra í nefndinni, þau Bjarni Harðarson, Guðbjartur Hannesson og Steinunn Valdís. Af ellefu fjárlaganefndarmönnum eru því sjö nýliðar. Gömlu refirnir eru Ásta Möller, Einar Oddur

Kristjánsson, Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason.

Hvorum megin sitja þau?

Á haustin storma fulltrúar sveitarfélaga á fund fjárlaganefndar og gera henni grein fyrir brýnum fjárfrekum úrlausnarmálum í sinni sveit. Forvitnilegt verður að sjá hvorum megin borðs áður nefndir sveitarstjórnarmenn í nefndinni sitja. Verða þau Ármann, Björk, Gunnar og Kristján fulltrúar sinna sveitarfélaga eða Alþingis? Teljast þau vanhæf til að sitja þá fundi? Er kannski galið að einn og sami maðurinn gæti ólíkra hagsmuna í stjórnmalunum?



Annað Byrgismál ekki í boði

Nýr formaður fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson, ræddi um framkvæmd fjárlaga í Fréttablaðinu í vikunni og boðaði aukði aðhald og eftirlit með ríkisrekstrinum. „Ég vil að það verði annað meginhlutverk nefndarinnar að fylgjast með framkvæmdinni og legg mikið uppúr að hún sé með eðlilegum hætti,“ sagði Gunnar. Meint óráðsía forstöðumanns Byrgisins með opinbert fé þreifst einmitt í skjóli andvara- og eftirlitsleysis embættis- og stjórnmalanna. Af orðum Gunnars að merkja mun sambærilegt mál ekki koma upp meðan hann ræður ríkjum í nefndinni.

bjorn@frettabladid.is

Nú liggur á að lækka

Virðjunarframkvæmdum á hálandinu er að ljúka. Lækka verður leyfilegan hámarksafli úr þorski verulega eftir ráðum fiskifræðinga. Á næsta leiti virðist vera samdráttur. Nýbirt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er dökk. Hagfræðingar Alþýðusambands Íslands óttast atvinnuleysi. Hvað er til ráða? Þegar á kreppti um og eftir 1991, lækkaði ríkisstjórnin skatta í samráði við atvinnurekendur og launþegafélög. Aðstöðugjald var felld niður og tekjuskattur fyrirtækja lækkaður í nokkrum áföngum úr 45%, fyrst í 33%, síðan í 30% og loks í 18%. Þetta bar stórkostlegan árangur. Atvinnulífið rétti úr kútnum.

Hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja

Nú þarf ríkisstjórnin að gera svipad í samráði við atvinnurekendur og launþegafélög. Lækka ber skatta á fyrirtæki og einstaklinga í því skyni að örva atvinnulífið, koma í veg fyrir flutning fyrirtækja til útlanda, laða ný fyrirtæki til landsins og bæta kjör almennings. Einkum bráðliggur á að lækka skatta á fyrirtæki. Slík skattalækkun verður að hefjast um næstu áramót til að afstýra því atvinnuleysi, sem hagfræðingar Alþýðusambands Íslands vara við. Hún þarf að vera hressileg. Árin 1997-2001 lækkaði tekjuskattur á fyrirtæki um 12%, úr 30% í 18%. Þetta skilaði sér í stóru auknum tekjum ríkisins. Þess vegna er okkur nú óhætt að lækka tekjuskatt á fyrirtæki um 8% á einu eða tveimur árum, úr 18% í 10%.

Í stjórnarsáttmálanum kveðast þau Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stefna að hagstæðu skattaumhverfi. Ef stjórn þeirra lækkar tekjuskatt á fyrirtæki í 10%, þá verður skattaumhverfi á Íslandi eitt hið hagstæðasta í Evrópu. Írar hafa stórgreitt á því að laða til sín fyrirtæki með



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Skattalækkanir

Lækka ber skatta á fyrirtæki og einstaklinga í því skyni að örva atvinnulífið ...

lágum sköttum. Vegna hins öra vaxtar írsks atvinnulífs er talað um „keltneska tigrisdýrið“. En á Írlandi er tekjuskattur á fyrirtæki 12,5%. Í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu er hann víða 10%. Tekjuskattur á íslensk fyrirtæki á ekki að vera hærri. Ekki má gleyma því, sem Geir benti á opinberlega þegar árið 1979, að Ísland hefur ýmsa möguleika sem fjármálamíðstöð. Gætum við ekki orðið „norræna tigrisdýrið“?

Skattalækkanir besta kjarabótin

Verkalýðshreyfingin styður eflaust slíka skattalækkun í því skyni að örva atvinnulífið og afstýra atvinnuleysi, alveg eins og hún gerði upp úr 1991. En auðvitað hlýtur hún líka að krefjast skattalækkana á allan almennning. Einstakir fulltrúar launþega hafa sett fram athyglisverðar tillögur í því efni. Til dæmis hreyfði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á sínum tíma hugmynd um lágan, flatan tekjuskatt. Ef tekjuskattur á fyrirtæki er lækkaður niður í 10% og fjármagnstekjuskattur er áfram 10%, þá greiðir maður, sem lifir á arði af fyrirtæki sínu, í raun 19% af tekjum sínum í skatt (10% í tekjuskatt af hagnaði fyrirtækisins og 10% af

þeim 90%, sem þá eru eftir í arði til hans). Það er réttlætismál, eins og Ingibjörg Sólrún hefur nefnt, að launþegar greiði ekki hærri skatt en slíkir fjármagnseigendur. 19% flatur skattur á alla launþega myndi ná þeim tilgangi, en síðan fengu hinir bágstöddustu vitanlega sérstakar bætur.

Hagfræðingar Alþýðusambands Íslands hafa reiknað út, að láglaunafólk yrði líklega betur sett með lágum skattleysismörkum og sérstöku lágu skattþrepi en með núverandi fyrirkomulagi. En hvers vegna ekki að láta slíkt skattþrep ná upp til allra tekjuhópa? Það myndi stuðla að nýjum fjárfestingum og minnka atvinnuleysi. Aðalatriðið er að opna leið fólks úr láglaunastörfum í hálaunastörf. Til þess verður að borga sig að hækka í tekjum. Ef til vill verða aðrar leiðir hér fyrir valinu, til dæmis að hafa há skattleysismörk (þau eru raunar óvíða hærri en á Íslandi), en lækka skattinn, sem menn greiða af tekjum umfram þau mörk, og mætti hugsa sér lækkan úr 36% eins og nú er niður í 30%. Það væri stórkostleg kjarabót. Reynslan sýnir líka, að ríkið tapar engum tekjum á þessu. Tekjuskattur ríkisins á einstaklinga var lækkaður úr 31% 1997 niður í 23% 2007, en skatttekjurnar jukust verulega.

Sömu hagsmunir

Þau Geir og Ingibjörg Sólrún hafa tekið höndum saman í ríkisstjórn. Nú þurfa þau að setjast niður með aðilum vinnumarkaðarinnar, fulltrúum atvinnurekenda og launþega, og gera samkomulag um það, hvernig örva má atvinnulífið, afstýra atvinnulífi og bæta kjör venjulegs launafólks með stórfelldum skattalækkunum. Við höfum öll sömu hagsmuni. Við viljum vöxt í stað samdráttar. Við viljum ekki, að landið breytist í byggðasafn.

Kastljósið eina sanna

UMRÆÐAN

Kastljós og síðanefnd BÍ

Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur fellt úrskurð í máli Jónínu Bjartmarz gegn Kastljósi Ríkissjónvarpsins. Úrskurðurinn er harður og athyglisverður að því leyti að það er ekki algengt að slíkur málarekstur sé stundaður gegn Ríkissjónvarpinu. Ég viðurkenni að ég hef ekki upplýsingar um slíkar kærur í seinni tíð, en fyrir margt löngu sat ég í síðanefnd blaðamannafélagsins um skeið og man ekki til að slíkar kærur hafi borist.

Þetta mál sýnir í hnotskurn hvað fjórða valdið í þjóðfélaginu getur verið sterkt. Ljóst er að Jónína Bjartmarz hafði engin áhrif á veitingu umrædds ríkisborgararéttar öfugt við það sem Kastljós lét að liggja. Það er hins vegar mjög líklegt að málatilbúnaður Kastljóssins hafi haft áhrif á úrslit alþingiskosninga og innbyrðis röð þingmanna Framsóknarflokksins og sé ein af ástæðum þess að flokkurinn hefur nú ekki þingmann í Reykjavík.

Ég ætla mér ekki að fjalla um þetta mál í smáatriðum hér. Það sem vakti athygli mína og undrun á þeim síðustu vikum fyrir kosningar sem málið



JÓN KRISTJÁNSSON

var til umræðu var fyrirferð þess í umfjöllun Kastljóss, dag eftir dag, að þetta skyldi vera uppistaðan í umfjöllun þáttarinnar. Þótt forsvarsmenn þess segi nú að þeir hafi aldrei sagt að Jónína Bjartmarz hefði haft áhrif á málið, þá var persóna hennar undir og yfir og allt um kring í kynningu þessa máls, og það duldist engum.

Ég er undrandi yfir viðbrögðum Kastljóss og Ríkissjónvarpsins við úrskurði síðanefndarinnar. Þau minna dálítið á þann hugsunulítum sem alls staðar er hættulegur að við einir vitum, hjá öðrum stendur ekki steinn yfir steini. Hin eina sanna umfjöllun er hjá okkur, hinu eina og sanna Kastljósi. Slíkur hugsunarháttur er hættulegur fyrir þá sem hafa mikið vald og munu hafa það.

Það er til fyrirmyndar fyrir Blaðamannafélag Íslands að halda úti síðanefnd sem þeir geta leitað til sem finnst á sér brotið. Þó að úrskurður hennar hafi ekki stöðu á við dóma dómstóla hafa þeir mikla þýðingu. Þeir eru viðvörðun til þeirra fjölmiðla sem hlut eiga að máli og vonandi verða þeir áfram teknir alvarlega sem slíkir.

Höfundur er fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins.

Þú sparar 1.128 kr/kg

**50%
afsláttur**



1.128 kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns/magnbakki



**40%
afsláttur**

179 kr/kg. áður 299 kr/kg.
Holta ferskir vængir í Tex Mex kryddlegi



**30%
afsláttur**

Þú sparar 599 kr/kg

1.399 kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes lambalærisgrillsneiðar þurrkryddaðar



Þú sparar 698 kr/kg

**40%
afsláttur**

1.046 kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
SS Grand orange helgarsteik



**25%
afsláttur**

Þú sparar 587 kr/kg

1.761 kr/kg. áður 2.348 kr/kg.
Goða lærisneiðar marineraðar

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21. júní til 24. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

MICK FLEETWOOD TROMMULEIKARI ER 65 ÁRA Í DAG

„Draumur sem loksins rættist. Hljóðfæri hljóðfæranna.“

Mick Fleetwood trommuleikari hljómsveitarinnar Fleetwood Mac fæddist í London á þessum degi árið 1942.



PETTA GERÐIST: 24. JÚNÍ ÁRIÐ 1000

Íslendingar gerðust kristnir

Á þessum degi árið 1000 að talið er var kristin trú lögtekin á Alþingi á Þingvöllum.

Þrátt fyrir að flestir Íslendingar væru heiðnir á þessum tíma hafði stór hópur tekið kristni og var það farið að valda vandræðum að tvenn trúarbrögð væru iðkuð hér á landi.

Þorgeir Ljósveitningagoði var því fenginn til að kveða upp dóm sem allir gætu sætt sig við um það hvor trúarbrögðin skyldu viðhöfð.

Þorgeir lagðist undir feld og lá undir honum næturlangt án þess að mæla orð. Er hann skreið undan feldinum hafði hann ákveðið að allir Íslendingar skyldu taka kristni. „En nú þykir mér það ráð, að vér látim og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorirtveggju hafi nokkuð síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“



GOÐAFOSS Fékk nafn sitt af goðunum sem Þorgeir Ljósveitningagoði henti í hann.

Samkvæmt gamalli sögn reið Þorgeir norður er hann hafði lýst þessu yfir og kastaði goðunum sínum í foss rétt hjá Ljósavatni og fékk sá foss síðar heitið Goðafoss.

MERKISATBURÐIR

- 1865** Barn var í fyrsta skipti tekið með keisaraskurði á Íslandi. Það lifði en móðirin dó skömmu síðar.
- 1885** Samuel David Ferguson varð fyrsti svarti biskupinn í Bandaríkjunum.
- 1961** Bítlarnir tóku upp lagið If You Love Me Baby.
- 1968** Ráðherrafundur Atlants-hafsbandalagsins var haldinn á Íslandi í fyrsta sinn.
- 1988** Leonard Cohen hélt tónleika í Laugardagshöll. Fjöldi manns mætti og höllin var þéttsetin.
- 1993** Fjölskyldugarðurinn í Laugardal var opnaður.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Okkar ástkæra eiginkona, móðir og amma,
Ásdís Sigurðardóttir
Lerkihlíð 11, Reykjavík,

lést á kvennadeild Landspítalans þriðjudaginn 19. júní. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Gisli Geir Jónsson
Sigurður Hrafn Gíslason
Kristinn Björn Marinósson
Agnes Marinósdóttir
Hjördís Marinósdóttir
Marinó Breki Benjamínsson
Ólafur Árni Arnarsson



Við þökkum af albug öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og bróður,
Aðalbjörn Stefánssonar
Hraunbæ 26, 110 Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa öllum þeim læknum og hjúkrunarfólki sem hugsuðu einstaklega vel um hann í veikindum hans; sérstakar þakkir viljum við færa íþróttafélaginu Fylki, Arsenalklúbbum á Íslandi og Arsenal á Englandi.

Sigurbjörg Ernudóttir
Erna Kristín Sigurjónsdóttir Jóhann Þór Sigfússon
Einar Stefán Aðalbjörnsson Signý Ingvadóttir
Stefán Aðalbjörnsson Helga Irma Sigurbjörnsdóttir
barnabörn, systkini hans og aðrir aðstandendur.



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Sesselju Zophoníasdóttur
(Lellu) Fjarðargötu 17, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir einstaka alúð, hlýju og frábæra umönnun.

Hafsteinn Ólafsson Þóra Bragadóttir
Jón Ólafsson Þórhildur Sigurjónsdóttir
Örn Ólafsson Margrét Elín Egilsdóttir
Theodór Ólafsson Hulda Snorradóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður og afa,
Magnúsar Helga Ólafssonar
rafvirkja, Stífluseli 1, Reykjavík,

Guðbjörg Rósants Stefánisdóttir Aðalheiður Dóra Magnúsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir Trausti Sigurðsson
Ólafur Stefán Magnússon Anna Rúnarsdóttir
Helgi Magnússon Geirlaug D. Oddsdóttir
Skúli Magnússon og barnabörn.



HAUSTBRÚÐUR María Sigurðardóttir og Jóhann Sigurðsson léku Appólóníu og Fuhrman í leikriti Þórunnar.

APPÓLÓNÍA SCHWARTZKOPF: LÉST Á BESSASTÖÐUM 24. JÚNÍ ÁRIÐ 1724

Elti ástina sína til Íslands

Hinn 24. júní árið 1724 lést Appólónía Swartzkopf, norsk kona sem bjó á Bessastöðum með Nielsi Fuhrman sem þá var amtmaður. Talið er að eittrað hafi verið fyrir henni en það var aldrei staðfest. Þórunn Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Listahátíðar heillaðist af sögu Appólóníu og skrifaði leikrit um hana sem fékk nafnið Haustbrúður. Leikritið var sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu árið 1989.

„Saga Appólóníu var sú að hún bjó í Noregi og var trúlofuð Fuhrman. Þegar hann fékk amtmannsstöðu á Íslandi sleit hann hins vegar trúlofuninni. Hún stefndi honum þá fyrir heitrof, sem var mjög óvenjulegt, og hann var dæmdur til að greiða henni mjög háar bætur,“ segir Þórunn.

Ekki hafa bæturnar þó dugað fyrir missi Appólóníu því hún ákvað að elta Fuhrman til Íslands og settist að á Bessastöðum hjá honum. „Þar dó hún aðeins nokkrum árum seinna og það var talið alveg fullvíst að hún hefði dáíð af eitri en það var aldrei sannað. Mjög margir töldu að ráðskonan, Maddamma Hólm, hefði eittrað fyrir henni en hún kom til Bessastaða árið 1721 með dóttur sinni sem síðar varð kærasta Fuhrmans,“ segir Þórunn.

Við leikritunina segist Þórunn hafa stuðst mikið við gamla annála sem hún komst í. „Í Vallaannál segir til dæmis:



ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR heillaðist mjög af sögu Appólóníu og skrifaði um hana leikritið Haustbrúði.

„Kom hingað 1718 nýr amtmaður með Keflavíkurskipi, settur af kónginum að nafni Niels Fuhrman. Norðmaður einn ungur og ógiftur og settist hann að á Bessastaði.“ Í Grímstaðaanál stendur svo: „1724. Á þessu sumri deyr Appólónía Swartzkopf á Bessastöðum. Hvernig hún dó veit ég eigi. Það var sú kvinna er amtmaður Fuhrman ekta átti en var sagt að ei hefði viljað. Mæðgur tvær voru á Bessastöðum danskur, sú yngri vildi eiga hann.“ Einnig kemur fram að Appólónía var mjög vel liðin af Íslendingum, vel menntuð og traust.“

Þórunn segist hafa haft mjög gaman af því að grúska í sögu Appólóníu. „Ég

fór til dæmis á sínum tíma til Kaupmannahafnar og komst í öll grunn-skjölín, meðal annars með réttarhöldin 1719. Það var mjög áhugavert að lesa um þau og þar þóttist ég geta séð milli línanna merki þess að Appólónía hefði orðið ófrísk, hvernig sem það hefur farið, hvort að hún missti barnið eða gaf það, en eitthvað hefur orðið til þess að hún fékk þessar miklu bætur.“

Í uppsetningu Þjóðleikhússins á leikriti Þórunnar fóru María Sigurðardóttir og Jóhann Sigurðsson með hlutverk Appólóníu og Fuhrmans. „Bríet Héðinsdóttir, Gisli Halldórsson og Rúrik Haraldsson voru einnig með og þetta var mjög góður hópur. Sýningin var gríðarlega vinsæl og fékk mikla aðsókn. Hún var leikin alveg fram á vor en þá urðu þrjár leikkvennanna ófrískar þannig að við gátum aldrei tekið hana upp aftur og hún var eiginlega aldrei leikin til enda.“

Stundum hefur verið talað um að Appólóníu verði enn vart á Bessastöðum. „Á meðan sýningin gekk vorum við dálítið uppteknar af alls konar hindurvitnum og skrýtnum fyrirboðum og fannst það mjög sérstakt að allar góðu konurnar þrjár í verkinu yrðu ófrískar á sama tíma, meðal annars María sem lék Appólóníu,“ segir Þórunn og hlær. *emilia@frettabladid.is*



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is



Árangur í eigin rekstri



RSF - Rekstur smærri fyrirtækja

Auknar kröfur um hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgóða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Námsfyrirkomulag

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

- Eins árs fjarnám með vinnu
- Námið hefst með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst
- Hver námsgrein er kennd í lotu
- Próf eru í lok hverrar lotu
- Námið hefst í ágúst 2007
- Námskjár er einfalt fjarnámsumhverfi sem hentar fólki á öllum aldri

Kennslugreinar

Allir nemendur í RSF taka eftirtalin kjarnánámskeið:

- Bókhald
- Innkaup og vörustjórnun
- Gæðamál, þjónusta og sala
- Starfsmannastjórnun

Auk kjarnánámskeiða geta nemendur í RSF valið um:

- Upplýsingatækni eða viðskiptaensku
- Lögfræði eða rekstrarfræði

Áttu erindi í RSF?

- Ertu með lítið fyrirtæki (2-10 starfsmenn)?
- Ertu með einstaklingsrekstur?
- Viltu ná betri tökum á rekstrinum?
- Viltu auka arðsemi fyrirtækisins?
- Viltu bæta rekstrarþekkingu þína?
- Viltu auka ánægju starfsmanna og viðskiptavina?

Þá átt þú erindi til okkar.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2007

Allar frekari upplýsingar er að finna hjá Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur, umsjónarmanni RSF-námsins, í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is eða á vef skólans

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ekkert gerist af sjálfu sér

Sólveig Arnarsdóttir brá sér í nýtt hlutverk á dögnum og las Þjóðinni ljóð á Austurvelli í líki fjallkonunnar. Hún deilir nú tíma sínum milli sviðs og tjalda á Íslandi og í Þýskalandi. **Kristrún Heiða Hauksdóttir** ræddi við hana um hugsjónir og hoppukastala.

Sólveig á ekki langt að sækja leikhúsastríðu sína en hún er dóttir hjónanna Arnars Jónssonar og Þórhildar Þorleifsdóttur sem sett hafa svip á íslenskt leikhúslíf í áratugi. Hún deilir tíma sínum milli starfa á meginlandinu og hér heima en hún menntaði sig í leiklist í Berlín og starfaði þar í nokkur ár áður en hún sneri aftur heim. Á dögnum kláraði hún tókur á nýrri íslenskri bíómynd, Heiðinni, í leikstjórn Einars Þórs Gunnlaugssonar, en á næstunni liggur leiðin til Þýskalands þar sem hún mun leika í einni bíómynd og tveimur sjónvarpsmyndum. „Ég hef verið svo brjálæðislega heppin eftir að ég flutti heim að ég hef eiginlega meira að gera í Þýskalandi heldur en þegar ég bjó þar,“ segir hún hæversk.

Óhætt er að segja að fáir íslenskir leikarar hafi verið jafn afkastamiklir og Sólveig á erlendri grundu en hún hefur til að mynda leikið í yfir fjörutíu sjónvarps- og kvikmyndum. „Ég hef nóg að gera í Þýskalandi og svo lengi sem það gengur að gera hvoru tveggja – að vinna hér heima og úti þá er ég afar sæl. Ég hefði aldrei haldið að þetta gæti gengið svona vel en þetta smellur einhvern veginn,“ segir hún.

Innan fjölskyldunnar

Það vill svo skemmtilega til að nú lítur út fyrir að Sólveig muni í fyrsta sinn vinna með bróður sínum Þorleifi Erni sem stundar leikstjórnarnám í Berlín. „Hann er reyndar í sama skóla og ég lærði í á sínum tíma,“ segir Sólveig og þvertækur þó fyrir að hún hafi á nokkurn hátt rutt honum brautina. „Fólki sem þekkir mig finnst dálítið fyndið þegar þau átta sig á að hann er bróðir minn – þegar það þekkir hreiminn. Honum hefur gengið afskaplega vel upp á eigin spýtur,“ segir hún stolt. Þorleifur mun leikstýra sýningu í leikhúsinu Sophiensalle, einu framsæknasta leikhúsi Berlínar, í haust. Ef allt gengur upp mun Sólveig taka þátt í sýningunni sem er nýjasta verk sænska leikskáldsins Lars Norén sem íslenskir leikhúsgestir kannast vel við því hér á landi hafa verið sett upp eftir hann verk, þar á meðal verkin Laufen í Toscana og Hræðileg hamingja.

Að þeirri Þýskalandstörn lokinni mun Sólveig snúa aftur í Þjóðleikhúsið og leika undir stjórn móður sinnar í verkinu Engisprettunum eftir serbneska leikskáldið Biljana Srbljanovic en líkur standa til að faðir hennar og móðurbróðir, Eggert Þorleifsson, verði einnig með sýningunni. „Þetta er þínulítið fyndið hvornig þetta raðast upp,“ segir hún glettnislega en bætir við að það sé ekki óalgengt að fjölskyldutengsl liti íslensk leikhúslíf.

Milli víta

Sólveig grínast með útleigðarmánuði sína í Þýskalandi og líkir þeim við veru á frystitögara. „Ef maður er búinn að leika á Íslandi í einn vetur og á kannski ekki maka sem þénar þeim mun betur verður maður að grípa til einhverra ráða,“ segir hún enda alkunna að leikaralaun hérlandis hrökkva ekki langt.



LEIKHÚS MILLI VITA OG LEIKKONA Á FLAKKI „Það er eins og leikhúsið sé dálítið týnt og ekki nógu leitandi,“ segir Sólveig Arnarsdóttir leikkona.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í ljósi nýafstaðinnar uppskeruhátíðar leikhúsanna, Grímuverðlaunanna sem afhent voru um síðustu helgi, berst talið að íslensku leikhúslífi. Sólveig segir að margt spennandi eigi sér stað í leikhúsum landsins en áréttar að hún upplifi dálítið stefnuleysi í greininni. „Við erum eins og milli víta. Það er eins og við vitum ekki alveg fyrir hvað við stöndum eða í hvaða átt við ætlum að stefna – hvort við ætlum að vera afþreyingarmiðill eða með einhverskonar speglun eða gagnrýni á samtíma okkar. Það er eins og leikhúsið sé dálítið týnt og ekki nógu leitandi,“ segir hún.

Að lifa í lausamennsku

Sólveig bendir á að starfsvettvangur leikara hafi breyst verulega á síðustu fimm árum og til dæmis hafi föstum stöðugildum þeirra við íslensk atvinnuleikhús fækkað úr rúmlega sjöfju niður fyrir tuttugu. „Þá tel ég ekki með þá sem eru með árssamninga,“ útskýrir hún og áréttar að margir í leikarastéttinni hafi áhyggjur af minnkandi starfsöryggi því sífellt fleiri leikarar séu eingöngu með tímabundna samninga. Þróun þessi sé ennfremur slæm fyrir framtíð leiklistarinnar hér á landi því ekki sé hugað

með tímanum þarf fólk meira öryggi – til dæmis þegar það stofnar fjölskyldu, þá er fólk ekki jafn tilbúið í að vinna jafn mikið fyrir jafn lítið. Ef allir eiga að vera lausráðnir verðum við mögulega að sætta okkur við að eftir nokkur ár verði fólk yfir fertugu hreinlega hætt. Við ættum að staldra við og skoða betur hvornig við viljum hafa þetta.“

Orð til alls fyrst ...

Sólveig fagnar atorku og drifkrafti íslensks leikhúsfólks en setur spurningarmerki við þessa þróun. „Ef listafólk á almennt að vera sammingslaust þá tel ég að við verðum að styrkja sjálfstæðu leikhópana miklu betur. Hreinlega svo fólk geti unnið þar en ekki bara stundað leiklist eins og dýrt „hobbí“. Margir vinna þar því þeim finnst það skemmtilegt en þurfa að sinna annarri vinnu þess utan,“ segir hún og áréttar mikilvægi þess að hafa val.

Það gilda ekki önnur lögmál um leikara og aðrar starfsstéttir þar sem tíminn færir verðmæta reynslu. „Ef þú heldur áfram að vera leitandi og gjöfull listamaður verður þú einfaldlega betri listamaður með árunum. Ég held að við yrðum ósköp aum menningarþjóð

„Ef þú heldur áfram að vera leitandi og gjöfull listamaður verður þú einfaldlega betri listamaður með árunum.“

að uppbyggingu „ensemble-leikhópa“ innan húsanna líkt og þekktist áður bæði í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. „Á þeim byggja leikhúsin,“ segir Sólveig en slíkir leikararhópar starfa náið saman um árabíl við sama hús. „Hjá þeim býr reynslan og þekkingin og þar færast hún milli kynslóða. Það virkar í báðar áttir, eldri leikararnir miðla til hinna yngri sem koma inn í starfið með sinn drifkraft.“

Sólveig telur það miður ef stefnan er sú að leikarar starfi eingöngu með lausa samninga og finnst þær áherslur einkennast af skammsýni. „Þetta er líka lítil vinnumarkaður og erfitt að ætla sér að lifa lengi á lausamennsku,

ef við búum svo í haginn að hér geti enginn starfað að list sem þarf að lifa af því – heldur eingöngu ungt fólk sem gerir slíkt af hugsjón.“

Hún segir að listamenn þurfi mögulega að taka sig aðeins alvarlegar og að ríki og borg þurfi einnig að ákveða hver þeirra stefna sé í þessum málum. „Ætlum við að hafa menningar- og listalíf í landinu? Ef já – þá verðum við að styðja almennilega við það. Það gerist ekkert að sjálfu sér.“ Sólveig segir mikilvægt að ræða framtíðarsýn íslensks leikhúsfólks og tekur fram að orð séu til alls fyrst. „Kannski er verið að gera tilraunir með annað form – við verðum að bíða og sjá. Það er heldur ekki farsælt að setja sig alltaf upp á móti öllu strax.“



Í LÍKI VERNDARA LANDS OG NÁTTÚRU Sólveig las ljóð Þórarins Eldjárns 17. júní.

Fjallkonan til varnar

Sólveig segir athyglisvert að hún heyrði lítt rætt um menninguna á Þjóðhátíðardaginn. Máski er það til marks um breyttar áherslur því áður var þó í það minnsta rætt um hana á tyllidögum.

Hún naut sín þó vel í sínu nýja hlutverki á sunnudaginn og segir dagurinn hafa verið afar skemmtilegur. „Þetta var hátíðleg og falleg stund og ég var afar heppin með kvæðið,“ segir hún en ljóð Þjóðhátíðardagsins var að þessu sinni eftir Þórarin Eldjárn. „Kannski var það líka vegna þess að búngurinn er svo fagur og mér varð hugsað til allra þeirra sem hafa borið hann. Það eru margar konur sem ég ber virðingu fyrir og eru miklar vinkonur mínar.“

Að lokinni athöfninni fór Sólveig síðan ásamt fjölskyldunni í Þjóðhátíðarkaffi til ömmu. Þar barst fjallkonuhlutverkið í tal. „Ég var búin að útskýra fyrir yngsta syni mínum hver fjallkonan væri – ég sagði honum að hún væri einhvers konar tákmynd, eins og verndari landsins og náttúrunnar. Svo erum við komin í kaffið til ömmu, þá allt í einu horfir litli maðurinn alvarlega á mig og spyr svo: „Mamma, ætlar þú ekki að fara niður í bæ og vernda fólkið? Honum fannst þessi fjallkona ekki alveg vera að standa sig. Bara sitjandi að drekka kaffi og allt fólkið eftirlitslaust í bænum. Svo ég dreif mig auðvitað af stað aftur og varði deginum í að reyna að vernda fólkið í hoppuköstulunum.“

→ EFTIRMINNILEG HLUTVERK

Sólveig var níu ára þegar hún tók þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Litla sótaranum eftir Benjamin Britten.

Enn þann dag í dag vilja aðdáendur grínmyndarinnar Stelli í orlofi ræða um inntak myndarinnar við Sólveigu en hún lék málverndunarsinnaða en jafnframt þrugaða unglingsdóttur Stelli í myndinni.

Sólveig lék titilhlutverkið í kvikmyndinni Ingaló í grænum sjó í leikstjórn Ásdísar Thoroddsen árið

1992. Myndin kom nýverið út á dvd-diski.

Fyrsta hlutverk Sólveigar í Þjóðleikhúsinu að loknu námi hennar í Þýskalandi var hlutverk Ljónu í Strompleiknum eftir Halldór Laxness.

Sólveig lék nokkur hlutverk í eftirminnilegri uppfærslu Þjóðleikhússins á Virkjuninni eftir Elfriede Jelinek, þar á meðal glóhærða Heiðu og barnslegan sakleysingja.



ISLENSKA SÍULIS TGS 37943_06/07

ÞÆGILEG STUND FYRIR FLUGTAK

Við höfum opnað í Leifsstöð nýjan og glæsilegan bar, Panorama Bar, með útsýni yfir flugbrautirnar. Byrjaðu ferðina með ljúfri hressingu í fallegu umhverfi.

Góða ferð!



800 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas } **AGA**

Gera þarf þjóðaráttak í hafrannsóknnum

Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Líffræðistofnun Háskóla Íslands, tekur heilsuhugar undir veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um samdrátt í þorskveiðum á næsta ári. **Svavar Hávarðsson** komst að því að hún vill þjóðaráttak í hafrannsóknnum með samvinnu háskólasamfélagsins og Hafrannsóknastofnunar. Hröð tækniþróun síðustu ára hefur opnað nýja möguleika hvað varðar rannsóknir á lífríki hafsins.

Ég tek heilsuhugar undir það með Hafrannsóknastofnun að staðan er mjög alvarleg. Engir góðir árgangar eru í auglýsingu og þegar við höfum veitt úr árgöngunum sem eru uppstáðan í aflanum núna þá vitum við ekki hvað við höfum í höndunum. Þeir kveða sterkt að orði en réttilega að mínu mati. Við verðum að fara eftir veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta fiskveiðiár og jafnframt að setja upp áætlun til langs tíma um hvernig staðið verður að rannsóknnum og nýtingu stofnsins til framtíðar, segir Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Hver eru aðal hættumerkin og af hverju er svo mikilvægt að draga úr veiðum án tafar? Það sem ég sé alvarlegt í þorskstofnunum er að nýliðun er búin að vera léleg í 21 ár og það er alveg sama hvort stærð stofnsins er metin rétt eða ekki, það er augljóslega eitthvað mikið að þegar nýliðun bregst í svo langan tíma. Vert er að benda á að mat Hafrannsóknastofnunarinnar á nýliðun annars vegar og aldursdreifingu í stofni hinsvegar er gerð með góðri nákvæmni. Báðir þessir þættir benda til að stofninn sé í lélegu ásigkomulagi. Það sem veldur mestum áhyggjum er að á þessu og næsta ári ætlum við aðallega að veiða fjögurra til sjö ára fisk sem að megninu til er ekki orðinn kynþroska. Því munum við veiða þessa fisk áður en þeir hafa haft tækifæri til að hrygna og gefa eitthvað af sér inn í nýliðunina. Telja má víst að þetta sé ein ástæðan fyrir því að nýliðun hefur verið léleg. Hin ástæðan er að við erum með fáa fisk í eldri árgöngum en þeir skipta mestu máli í framleiðslu á ungvíði. Þetta eru stærstu viðvör-unarþjöllurnar í mínum huga og það er ljóst að við verðum að laga aldursdreifinguna en það getur hinsvegar orðið mjög erfitt.

Margir spyrja sig hversu alvarlegt ástand þorskstofnsins sé. Eru engir ljósir punktar? Kannski hefðum við átt að vera búin að skera mun meira niður í veiðum einungis vegna þessara þátta sem ég nefndi og það sem kemur fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar í ár er ekkert nýtt. Óneitanlega spyr maður sig hvort þetta sé vonlaust. Hvort okkur muni ekki takast að byggja upp stofn með góða aldursdreifingu. Í þessu sambandi er þó vert að benda á að fjöldi tíu ára þorska í ár, eða 1997 árgangurinn, er meiri en sést hefur lengi. Ástæðan fyrir þessu er sú að þessi árgangur var aðeins stærri en þeir sem á undan komu og að þetta sama ár jókst streymi hlýs Atlantssjávur upp að landinu. Þessi árgangur hefur enst nokkuð vel meðal annars vegna þess að tekist hefur að draga úr sókn á þessu tímabili. Síðast þegar við fengum góða nýliðun, um miðjan níunda áratuginn, fór fjöldinn tíu ára og eldri upp í 6,3 milljónir fiska. Í ár er áætlað að 2,5 milljón þorska séu tíu ára og eldri. Kannski er þetta þröskuldurinn sem við þurfum að ná; viðmiðunarstærð sem við getum horft til þó málið sé mun flóknara en það.

Hvað þarf vísindasamfélagið á Íslandi til að takast á við allar þær spurningar sem nauðsynlegt er að svara. Miðað við hagsmuni íslensks samfélags erum við að leggja allt of litla fjármuni í hafrannsóknir. Ég vona að skilningurinn hjá stjórnvöldum og samfélaginu öllu sé að aukast á því hvað rannsóknirnar eru mikilvægar. Það er svo margt sem við getum gert núna sem ekki var hægt fyrir nokkrum árum.



GUÐRÚN MARTEINSDÓTTIR, PRÓFESSOR Í FISKIFRÆÐI Hún hefur gegnt prófessorsstöðu í fiskifræði við Háskóla Íslands síðan 2001. Hún var sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun frá 1991. Hún er Ph.D frá Rutgers-háskólanum í New Jersey í Bandaríkjunum. Hún telur nauðsynlegt að fara eftir veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar á næsta fiskveiðiári og hafrannsóknnum við Ísland þurfi að gera mun hærra undir höfði en gert er í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tækniþróunir hafa verið miklar og í dag er komin tækni sem gefur okkur tækifæri til að rannsaka fiskstofna á nýjan hátt. Það má nefna merkingar með gagnaskráningarmarkjum, hlustunarstöðvar til að staðsetja merkt fisk, straumalíkön er líkja eftir flæði sjávar og reki ungvíðis og jafnvel fiskmerki er skrásetja hljóð sem fiskar gefa frá sér til dæmis þegar þeir eru að hrygna. Hvað varðar þorskinn þá er ákaflega mikilvægt að efla rannsóknir á stofngerð, útbreiðslu, atferli og lífssögu undirstofna sem og athuganir á hrygningarslöd og uppeldisslöd. Fiskirannsóknir eru dýrar og til að standa vel að slíkum rannsóknnum þyrfti að veita 70-100 milljónum á ári í þorskinn einan sér.

Ef við tölum um heildarmyndina þá þurfum við örugglega milljarð í hafrannsóknir til viðbótar á hverju ári til þess að geta virkilega staðið að þessu með glæsibrag. Við erum þó ekki að tala um svo mikinn kostn-

að samborið við það sem auðlindin er að gefa okkur til baka. Ef sú ákvörðun væri tekin að stórefla hafrannsóknir og þá sérstaklega rannsóknir á þorskinum þá væri æskilegt að samhæfa þau verkefni sem nú eru í gangi; meta skort á þekkingu og setja upp heildrænar rannsóknir sem tækju á sem flestum þáttum bæði hvað varðar þorskinn, tengsl hans við aðra stofna og það umhverfi sem þeir lifa í.

Það er þá ekki ofsagt að illa sé búin að vísindamönnum til að afla þeirrar vitneskju sem við þurfum nauðsynlega á að halda? Nei, í raun held ég að flestir vísindamenn standi frammi fyrir því að eyða stórum hluta af sínum tíma í að sækja um styrki sem oft á tíðum eru smáir og duga skammt. Þó svo að styrkumsóknir gegni mikilvægu hlutverki þá er ljóst að nýting tíma til rannsókna væri betri ef minni tími færi í umsóknir.

annars að nýta þá möguleika sem hafa skapast með tilkomu rannsóknarnámsins. Ásókn í masters- og doktorsnámi í fiski- og sjávarlíffræði hefur aukist mjög á síðustu árum og í dag erum við með fjölda bæði innlendra og erlendra nemenda sem stunda rannsóknir á mjög víðu sviði. Þetta er tiltölulega nýtt fyrir okkur en erlendis eru haf- og fiskirannsóknir stundaðar af miklu kappi við háskólana. Sú reynsla sem við höfum nú þegar sýnir að gögn og vitneskja sem safnast hefur á Hafrannsóknastofnuninni nýtist ákaflega vel í nemendaverkefni. Aðgangur nemenda að gögnum og sérfræðingum stofnunarinnar hefur nú þegar leitt til þess að mörg verkefni eru í gangi sem erfitt hefði verið að koma við vegna fjárskorts og mannektu. Ég tel að það sé mikilvægt að efla þetta samstarf enn frekar og ég er viss um að það á eftir að að færa okkur mikla þekk-



Miðað við hagsmuni íslensks samfélags erum við að leggja allt of litla fjármuni í hafrannsóknir. Ég vona að skilningurinn hjá stjórnvöldum og samfélaginu öllu sé að aukast á því hvað rannsóknirnar eru mikilvægar. Það er svo margt sem við getum gert núna sem ekki var hægt fyrir nokkrum árum.

+ Nánari upplýsingar og bókaðu á www.icelandair.is

Sölutímabil Special Offer tilboða: 22. júní–13. júlí.
Ferðatímabil: 17. júlí–10. desember.
Takmarkað sætaframboð.

Frá 9.900 kr. aðra leiðina

Köpen

ISLENSKA SÍVALS ICE 3661 06/07

WWW.ICELANDAIR.IS

Hver er staða Hafrannsóknastofnunar í fræðilegum samamburði á alþjóðlegan mælikvarða? Hafrannsóknastofnun er virt um allan heim. Við erum ein af fáum þjóðum sem hafa ennþá nothæfan þorskstofn og því er oft horft til Íslands sem dæmi um góða fiskveiðistjórnun og sjálfbæra nýtingu fiskstofna. Mjög mikil gagnasöfnun fer fram á stofnuninni og í því sambandi býr stofnunin yfir mikilvægum tímaserium eins og til dæmis vorrallið. Þó að stofnunin hafi legið undir miklum þrýstingi um að breyta aðferðum hvað varðar rallið þá hefur þeim tekist að halda því óbreyttu í öll þessi ár. Þetta er mjög mikilvægt og í raun aðáunarvert. Aðrar þjóðir hafa breytt sinni aðferðafræði og eyðilagt tímaseriur í leiðinni. Það verður einfaldlega að gera þetta alltaf eins, til að hafa samamburð á milli ára.

Hvernig fellur Háskóli Íslands inn í þessa mynd? Næsta stóra skrefið okkar í hafrannsóknnum er meðal-

ingum sem mun nýtast við stjórnun auðlindarinnar.

Vandinn sem liggur fyrir verður ekki leystur á stuttum tíma. Hvernig má vinna úr stöðunni sem komin er upp? Það þarf þjóðaráttak. Við þurfum að horfast í augu við þá staðreynd að það verður að draga úr veiðum í samræmi við veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Við þurfum jafnframt að nýta mótlætið til að auka skilninginn í samfélaginu fyrir því hvað rannsóknirnar eru mikilvægar. Við höfum dæmi frá Nýfundnalandi þar sem þorskstofninn hrundi árið 1993. Þeir treystu ekki þeirri þekkingu og upplýsingum sem þeir höfðu. Þeir gerðu þjóðaráttak þegar stofninn hrundi með því að setja fjármagn í rannsóknir, meðal annars í háskólunum. Það skilaði vissulega mikilli þekkingu en rannsóknirnar voru gerðar á stofni sem var horfinn. Við höfum mun betri upplýsingar en þeir höfðu þá og erum á þeim tímapikti að það er hægt að snúa við.



Appelsínu hlunkur

Ananas hlunkur

Lúxus súkkulaði íspinni

Lúxus lakkrís íspinni

Lúxus vanillu íspinni

Lakkrís hlunkur

Lúxus karamellu íspinni

Ávaxta hlunkur

Grænn hlunkur

Hlunkur

Kjörís

Lúxus

Lúxus konfekt toppis

Ananas hlunkur minus

Grænn hlunkur minus

Lúxus súkkulaði toppis

Lúxus karamellu toppis

Súkkulaði shake

Jarðarberja shake

sykurlaus
Hlunkur Minus



Magnum piparmyntuís með dökkum súkkulaði

Magnum með súkkulaði

Magnum með hvítu súkkulaði

Trúðals með tyggjökulu

Púkaskott með hlaupökulum

Magnum með súkkulaði og möndlum

Magnum með karamellu og tvöföldu dökkum súkkulaði



Calippo appelsínuklaci



MAGNUM

Twister með berja- og sitrusbragði

Calippo klakakúlur með jarðarberja- og sitrusbragði



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“

GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðustu sýningar
LIÖTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhúsið.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Fyrirlestur um Méniéres



Heyrnar-og talmeinafæðingur og Félagið Heyrnarhjálp bjóða til fyrirlestrar um Méniéres sjúkdóminn miðvikudaginn 27. júní nk. kl. 17:00 í Valhöll, Háaleitisbraut 1.

Jonas Brännström, heyrnarfræðingur sem nú vinnur að doktorsverkefni sínu um Méniéres við Háskólann í Lundi verður með fyrirlesturinn og mun svara fyrirspurnum.

Fyrirlesturinn verður á ensku. Tónmöskvi og kaffiveitingar.

Allt áhugafólk um Méniéres velkomið.

Vasta hux'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!



Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi

STUÐ MILLI STRÍÐA Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON ER HÆTTUR AÐ LÁTA LITLU HLUTINA PIRRA SIG



Á föstudaginn fór ég í banka. Það var talsverð röð og það pirraði mig. Ég beið samt rólegur en þegar röðin kom að mér var mér tjáð að tölvu-kerfið væri bilað og það væri ekki hægt að afgreiða mig. Það pirraði mig jafnvel enn meira en röðin hafði gert. Síðar um daginn var ég staddur í þungri umferð og þurfti að horfa á græna ljósið birtast þrisvar sinnum áður en ég komst sjálfur yfir. Það pirraði mig líka.

Svona litlir hlutir í daglegu lífi manns eru ófáir og þegar þeir safnast allir saman hlýtur maður að vera búinn að eyða gríðarlega

mikilli orku í það eitt að vera pirraður. Pirraður út af hlutum sem þegar upp er staðið, skipta litlu sem engu máli. Ein mínúta til eða frá í umferðinni, það að fá sér göngutúr í næsta banka. Ekki mikið mál.

Þetta vakti mig til umhugsunar. Ég hef það gott. Ég er heilsu-hraustur, er í vinnu sem mér líkar og fæ nægju mína af mat og drykk. Ég er einn af þeim heppnu sem hafa ekki orðið fyrir stórum missi í lífinu. Mér semur við alla í fjölskyldunni og á stóran hóp traustra vina. Af hverju ætti ég yfir höfuð að láta einhverja smáhluti fara í taugarnar á mér?

Ég held að við sem erum ekki búin að upplifa það að missa ein-

hvern okkur kærkominn eða verða fyrir líkamlegu eða andlegu tjóni séum líka þau einu sem getum látið svo ómerkilega hluti eins og að bíða í umferð fara í taugarnar á okkur, allavega eitthvað af ráði.

Það er líka svo miklu betra að brosa við lífinu. Það eru flestir að gera sitt besta og það að pirra sig mun ekkert stytta biðtíma á skiptiborðum eða raðir í matvöru-verslunum.

Einhvern daginn getur verið að maður hætti að hafa það svona gott og þá mun maður sjá eftir þeim tíma sem maður eyddi í að pirra sig á ómerkilegum hlutum.

Ég ætla héðan í frá að vera ánægður með það sem ég hef og brosa mínu breiðasta í biðröðum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



SECURITY AND DETECTION COORDINATOR

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Coordinator. The closing date for this position is July 8, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamála

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra á Skrifstofu menningar- og ferðamála til að hafa umsjón með viðburðum, útgáfumálum og ýmsu öðru tengdu menningarmálum og ferðaþjónustu. Næsti yfirmaður er menningar- og ferðamálafulltrúi.

Hafnarfjarðarbær stendur að lista- og menningarhátíðinni Björtum dögum í júní og Jólaborpinu auk fjölda annarra smærri viðburða. Framundan eru hátíðarhöld í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun viðburða.
- Þekking á ferða-, menningar- og markaðsmálum.
- Háskólapróf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir menningar- og ferðamálafulltrúi í síma 585-5776. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á menning@hafnarfjordur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Launaneftar sveitafélaga eða viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu berast fyrir 2. júlí í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6 merktar: Verkefnastjóri á Skrifstofu menningar- og ferðamála.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Varmáskóli auglýsir Lausar eru eftirtaldar kennarastöður:

Kennsla á unglíngastigi
Kennslugreinar stærðfræði og enska
Í skólanum fer fram öflugt þróunarstarf í þessum greinum

Kennsla á yngsta stigi 1. og 2. bekkur
Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem m.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólastarf á yngsta stiginu

Tónmenntakennari
Við óskum eftir að ráða tónmenntakennara í ca. 50% stöðu

Námsráðgjafi
Staða námsráðgjafa er laus til umsóknar
Um er að ræða afleysingarstöðu skólaárið 2007-2008

Nánari upplýsingar gefa Þórhildur Elfarsdóttir, aðstoðarskólustjóri í síma 863 3297 og Helga Richter, aðstoðarskólustjóri í síma 696 2812



Meistari eða sveinn

Óskast til starfa hjá hársnyrtistofunni
Englahár í Grafarvogi
Nánari upplýsingar í síma 820 3224

Langaríma 21-23
112 Reykjavík
Sími 567 6080

Englahár
hársnyrtistofa

SÖLUMAÐUR / RAFVIRKI

» Starfssvið:

- › Almenn sölustörf
- › Tilboðsgerð
- › Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum.

» Hæfniskröfur:

- › Iðnmenntun á rafmagnssviði æskileg
- › Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
- › Hæfni í mannlegum samskiptum.
- › Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheid fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til **ÍSKRAFTS**, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 2. júlí 2007.
Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson, netfang: jon@iskraft.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafíðnaðarheildisala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls þrjár starfsstöðvar, í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Starfsmenn eru samtals 32.

ÍSKRAFT
RAFÍÐNAÐARVERSLUN

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Starf sviðsstjóra Umhverfissviðs

Borgarstjórnin í Reykjavík auglýsir stöðu sviðsstjóra Umhverfissviðs lausa til umsóknar.

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

- Ber ábyrgð á stjórnun, rekstri, daglegri yfirstjórn og samhæfingu starfskrafta Umhverfissviðs.
- Hefur frumkvæði og stýrir stefnumótunavinnu í málaflokknum.
- Veitir forystu í þróun nýrra hugmynda og verkefna og innleiðinga þeirra í málaflokknum.
- Er framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og umhverfisráðs.
- Undirbýr mál fyrir umhverfisráð og ber ábyrgð á eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlunum Umhverfissviðs.
- Tekur þátt í samstarfi yfirstjórnar borgarinnar.
- Leiðir samstarf við aðra opinbera aðila í málaflokkum sviðsins innanlands og utan.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Þekking og reynsla af stefnumótunavinnu.
- Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.

- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Staðgóð þekking á heilbrigðiseftirliti og öðrum verkefnum Umhverfissviðs.
- Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga.
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í tali og rituðu máli á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.

Borgarráð ræður í starfið að fenginni tillögu umhverfisráðs og borgarstjóra. Borgarstjóri er yfirmaður sviðsstjóra Umhverfissviðs. Um laun og starfskjör sviðsstjóra fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaraneftar Reykjavíkurborgar.

Umsóknnum skal skilað á skrifstofu borgarstjóra eigi síðar en 28. ágúst nk.

Upplýsingar um starfið veita Kristbjörg Stephensen, starfandi borgarritari, Kristín A. Árnadóttir, skrifstofustjóri, og Magnús Þór Gylfason, skrifstofu borgarstjóra.

Borgarstjórnin í Reykjavík

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Hlutverk Umhverfissviðs er að tryggja borgarbúum fallegt og heilnæmt umhverfi með því að standa vörð um þau lífsskiðri sem felast í ómenguðu innra sem ytra umhverfi og stuðla að fegurri ásyn borgarinnar, greiðum og vistvænum samgöngum og sjálfbærri þróun í anda Staðardagskrá 21.

Helstu verkefni Umhverfissviðs eru:

- stefnumótun í umhverfismálum, þ.m.t. umsjón með framkvæmd og endurskoðun Staðardagskrá 21.
- stefnumótun í samgöngumálum og eftirlit með innleiðingu hennar.
- heilbrigðis- og mengunareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
- náttúruvernd og garðyrkja í borgarlandinu.
- rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur.
- sorphirða frá heimilum í borginni.
- dýraeftirlit, þ.e. meindýravarnir, hundaeftirlit, varsla borgarlandsins og búféretirlit.



Reykjavíkurborg
Menntasvið



Sérfræðingur

Óskum eftir að ráða starfsmann í sérhæfða fardeild við Foldaskóla.

Sérhæfð fardeild hefur starfað við Foldaskóla frá árinu 2004. Deildin veitir níu skólum í Grafarvogi þjónustu vegna nemenda með atferlis- og/eða geðraskanir. Starfið felst m.a. í að finna lausnir á einstökum málum nemenda og vera ráðgefandi við kennara og skólalæstjórmenndur í þeim málum. Starfið krefst góðrar vinnu með nemendum, foreldrum og skólum í Grafarvogi

Leitað er að einstaklingi sem:

- Hefur menntun á sviði uppeldis- og menntunar, námsráðgjafar, sálfræði eða sérkennslu eða fagþekking og reynslu á sviði atferlis- og/eða geðraskan barna.
- Hefur þekkingu og reynslu af skólalæstari eða stjórnsýslu
- Getur starfað sjálfstætt og sýnt mikið frumkvæði
- Hefur góða færni í mannlegum samskiptum
- Hefur áhuga á að vinna með öðru fagfólki á þverfaglegum grunni

Umsóknarfrestur til 9. júlí n.k. Umsóknir sendist á Foldaskóla, Logafold 1 eða á krbg@foldaskoli.is. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttafélags. Nánari upplýsingar veitir Kristinn Breiðfjörð skólalæstjóri Foldaskóla s. 540 7600.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

SMIÐIR - VERKAMENN



Vegna fjölda krefjandi verkefna óskar ANS eftir að ráða í eftirfarandi störf.

- **Brif á vinnustöðum og skrifstofu**
- **Smiðir**
- **Almenn verkamannavinnu**

Firma ANS ehf.
poszukuje pracownikow do :

- **sprzatania na terenie budowy oraz w biurze, mile widziane kobiety**
- **Ciesli budowlanych**
- **pomocnikow budowlanych**

Dla dobra obu stron mile widziany komunikatywny jezyk angielski lub islandzki

ANS er öflugt verkfræði- og verktakafyrirtæki sem byggir á reynslu, þekkingu og metnaði.

Starfsumhverfið er spennandi og skemmtilegt þar sem fjölbreytt verkefni krefjast frumkvæðis.



Upplýsingar gefur: Jón í síma 664 2802 · jon@ans.is · Þverholti II · 105 Reykjavík · www.ans.is

Véliðnfræðingur eða véltæknifræðingur



Háskólinn í Reykjavík leitar að öflugum starfsmanni til að sjá um daglegan rekstur og uppbyggingu tilraunaaðstöðu í Lagnakerfamiðstöð Íslands. Starfið felst í umsjón með tilraunabúnaði, aðstoð við kennara og nemendur, aðstoð við smíði tilraunabúnaðar og vinnu við uppbyggingu og umsjón vélsmiðju HR.

Lagnakerfamiðstöð starfar innan tækni- og verkfræðideildar HR og er mikilvægur hlekkur í að styrkja verklega kennslu í verkfræði og tæknifræði og gefa nemendum undirstöðu í hagnýtum lausnum á sviði lagna- og loftræsikerfa.

Hæfniskröfur:

- **Vélfraði, iðnfræði eða sambærileg menntun er skilyrði.**
- **Tæknifræðimenntun er æskileg.**
- **Umtalsverð starfsreynsla á sviði lagna- og loftræsikerfa og vélsmiði.**
- **Hæfni í miðlun þekkingar og mannlegum samskiptum.**

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Guðni Tómasson (gunnargt@ru.is) deildarforseti í síma 599 6375. Umsóknnum skal skilað á umsokn@ru.is í síðasta lagi 3. júlí 2007.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.hr.is

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Tæplega 3000 nemendur stunda nám við Háskólann í Reykjavík og starfsmenn eru um 500 talsins.

Tækni- og verkfræðideild er stærsta deild Háskólans í Reykjavík og jafnframt ein stærsta háskóladeild landsins, með um 1000 nemendur í grunnnámi og meistaranámi á fjölmörgum sviðum tæknifræði og verkfræði, auk undirbúningsnáms á frumgreinasviði.



S: 561 4110

Atvinna smur-og viðgerðavinna bifreiða

Nesdekk óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna smáviðgerðum og smurþjónustu á dekkja og smurþjónustuverkstæði á Fiskislóð.

Æskilegt að umsækjandi sé bifvélavirki, vélvirki eða vanur smurþjónustu og minniháttar viðgerðum bifreiða.

Upplýsingar gefur Jón Hauksson s. 825-2215 (jon.hauksson@benni.is)

Nesdekk ehf., Fiskislóð 30, Reykjavík

Ljósmyndaver Hörfu Hrundar er ört vaxandi ljósmyndastofa sem bráðvantar framtíðarstarfsmann í 80% starf.

Starfið felst í Photoshopvinnslu, frágangi mynda og afgreiðslu viðskiptavina. Kunnátta og færni í notkun Photoshop skilyrði og reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Viðkomandi þarf að vera nákvæmur, hæfur til þess að vinna undir álagi, hafa góða þjónustulund, lipur í mannlegum samskiptum og geta hafið störf í september.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá til harpa@harpahrund.is, frekari upplýsingar eru eingöngu veittar í gegnum tölvupóst. Umsóknarfrestur er til 6. júlí n.k.



Hörfu Hrundar

TOPSHOP ÓSKAR EFTIR VERSLUNARSTJÓRA



VERSLUNARSTJÓRI

Starfssvið: Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar, svo sem sölu, vörustreymi, útliti, mönnun, kostnaði og öðrum verkefnum.

Hæfniskröfur: Reynsla af verslunarrekstri, skipulögð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og metnaður, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og tölvukunnátta og brennandi áhugi á tísku.

Umsóknir sendist til Elísabetar á netfangið elisabet@hbu.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2007

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





FJÁRFESTINGARBANKI

MP Fjárfestingarbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fagmennsku. Hjá bankanum starfar öflugur hópur metnaðarfullra og vel menntaðra einstaklinga sem hafa það að markmiði að ná árangri í þágu viðskiptavina bankans. Bankinn er ungur en vaxandi fjármálfyrirtæki sem starfar á alþjóðlegum mörkuðum.

INNRI ENDURSKOÐUN

MP Fjárfestingarbanki óskar eftir að ráða starfsmann í innri endurskoðun. Um 60%-100% starfshlutfall er að ræða. Viðkomandi heyrir undir stjórn bankans.

Starfssvið

- Tryggja að fyrirtækið fylgi tilskipunum eftir í samræmi við lög og reglugerðir
- Eftirlit með bókhaldi og að farið sé eftir starfsreglum
- Fulltrúi fyrirtækisins gagnvart stjórnslu
- Skýrslugerð um varðveislu og meðferð fjármuna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af endurskoðunarstörfum kostur
- Skipulögð vinnubrögð
- Nákvæmni og talnagleggni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Framtíðartækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

Upp á hvað hefur Alcoa Fjarðaál að bjóða sem framtíðarvinnustaður?

Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi

Störf in í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teymum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður víðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvída fleiri.

Góð laun og gott vinnufyrirkomulag

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanns eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði.

Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku að meðaltali. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótar-tekjum fyrir þá sem óska þess.

Sláttuvélamarkaðurinn

Traktor 20hpBriggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Vortilboð: 269.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.



Garðaúðun s. 553 2999

Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. UÐI, Brandur Gíslason skrudgarðam.

Góð verk fyrir garðinn þinn! Bara nefna það í síma s. 659 8797. Sláttumaðurinn.

Garðyrkja

Úðun, klipping, mold, sláttur, fellir tré og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416 Eiríkur

Garðsláttur fyrir einst. húsf. og fyrirt. Vönduð vinna og gott verð. S. 694 6152.

Felli tré, klippingar, kantskurður, sláttur, mold og sandur. Öll helstu garðverk. Garðþjónusta H.G. sími 699 8509.

Erum með smágröfu hentuga í almenna lóðavinnu og fleira. Jarðlist ehf. S. 866 5156.

Ráðgjöf



Fjárhagsröðuleikar, vantar þig aðstoð? Kíktu á www.kaflaskipti.is Sími 517 1030.

Búslóðaflutningar

Ertu að flytja austur á land?

Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Búslóða flutn., pianó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

Málarar

ISLANDSMÁLLUN

Pakmálun!!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu? Málameistari sem sérhæfir sig í þakviðgerðum og þakmálun getur bætt við sig verkefnum. Hef mikla reynslu og þekkingu. Vinnum einnig alla almenna málingarvinnu. Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.

ISLANDSMÁLLUN EHF.
Upplýsingar í síma: 899 2008, Grétar og 891 6999 Einar.

PAKMÁLUN
www.thakmálun.is

Áratuga ending 10 Ára ábyrgð.

Öll almenn þakvinnu!
Þakklæðningar
Þakviðgerðir
Almenn húsamálun

844-1011 / 697-3592

Húsviðhald

VIÐHALDSVIRKNI

Málameistarar, múrarar og smíðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og sandspórtun. Steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múnviðgerðum. Tröppu-viðgerðir. Flisalagnir sem og margt fleira. Höfum áralanga reynslu

http://www.viðhaldsvirkni.is
vikni@viðhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Fyrirtæki 3 Hálfaríð
S. 517-0117 GSM 661-0117



Hreinsum gráma af sólpöllum!

Sólpalla eigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja. Anton í síma 866 5262.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húsnámiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinnu. S. 553 2171.

101-Snikkarinn Sólpallar - Skjólgröndur - Þök - klæðningar utanhúss - parket ofl. Tímavinnu eða tilboð. Ingi smíður s. 698 2846.

Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

Spádómar

www.orlogalinan.is

Örtaga línán

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

TIL SÖLU

HVAÐ DRÍFUR ÞIG ÁFRAM?



Mercury

Mercury utanborðsmótorar hafa sannað getu sína og styrk í gegnum árin og eru nú þeir mest seldu í heiminum í dag. Mercury mótorarnir eru fánlegir frá 2,5 ha til 300 ha.



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

Englaliða s. 863 1987
Er spennandi tími framundan?
Hvað viltu vita um framtíðina?
Andring leiðsögn Fyrirbærir Trúnaður
Er við alla daga frá AL 11-01.
Lára spámiðil s. 863 1987
VISA/EURO

Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa í beinu samb. Símaspá, draumaráðningar, fjarheilun. 199.9 mín. Visa/MC 170 mín. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Iðnaður

M4 Verkfræðistofa
Mannvirki - Mælingar Lóðir, hús, plön, götur, útsetningar, innmælingar.
Magnús Músson, verkfræðingur. Sími 897 4161

HEILSA

Heilsuvörur

LR-Henning
Þin leið til árangurs
Þarft þú að léttast?
Vantar þig meiri orku, úthald og velliðan?
Hafðu samband á lr-henning@internet.is og ég sendi þér allar upplýsingar.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifstill.is Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Nudd nudd nudd. S. 659 9420.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

Námskeið



INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

4 vik má-fö 18-19:30 að byrja 2/7 og 24/9, Ármúla 5. s 5881160/ff@icetrans.is

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu vönduð húsgögn úr gegnheilum kirsuberjavið, þ.á.m. sérsmiðað borðstofuborð (stærð 1,2x2,5m+1m lenging), 8 stólar, skenkur og skápur. Uppl í s. 695 4317.

Gefins

2 læður og 1 högnar fást gefins vegna fluttninga. Gullfallegir fjörkálfar. Ekki fyrir slöngueigendur! S. 857 2406.

Dýrahald

2 sama verði og 1 Eukanuba maintenance Large
2x15 kg, 6.650.-

Eukanuba Puppy Jr. Large
2x15kg, 7.650.-

Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og lams með 30% afslætti í júní.

Dýraland, Mjódd. S. 587 0711

Dýraland, Kringlan. S. 588 0711

Dýraland, Spöng. S. 587 0744



3 am. Cocker Spaniel rakkar. Ættbók frá HRFÍ. Tilb. til afh. v. 150 þ. S. 894 0255.



Fæddir fallegir íslenskir hvolpar á Stefsstells. Margir litir, og allir finir lubb- ar. Ættb. hjá HRFÍ, afhendast örmerktir og bólusettrir í ágúst. Uppl. hjá Stefaniu í s. 846 0895 stefsstells@simnet.is

2 íslenskir hvolpar eru til sölu. eru örmerktir, bólusettrir og með ættbók frá HRFÍ. Tilbúin til afhendingar. Uppl í síma 897 2359.

Ýmislegt

Kanadískir gæðapottar.
Landsins mesta úrval.
Heitir pottar og skeljar.
SpaKongen
www.spakongen.is
Lætjargata 24, Hafnarfjörður
Sími 554 7755



- Beachcomber -

Kanadískir heitir pottar Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi.
Opíð alla daga frá 9 til 21.00.
Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is



Allt að 50% útsala, persnesk teppi, húsgögn, gjafavörur. www.zedrus.is, Hlíðasmára 11, Kópavogi. S. 534 2288.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahöpa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar. www.sjostong.is, hvalalif.is

Fyrir veiðimenn

Góðir maðkar
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Mosfellsbær - 3ja herb. laus 1 Júní. Uppl. í síma 565-6985 axel0124@hotmail.com 140þ/mán

Mjög góð 2 herb. 65 fm íbúð til leigu rétt hjá HÍ og miðbæ. Langtímaleiga frá 15.júlí. Verð 100 þús. á mán. m/raf.hit. hússjóð. Trygging + 2 mán. fyrirfram. Einungis ábyrgt fólk. vestbest@hotmail.com

4 herb. íbúð í miðb. rvk, húsgögn fylgja. Leiguverð 140 þ. /mán. + hússj. Laus 1 águ. S. 690 3429.

Nýleg 4 herb. íbúð til leigu í Grafarvog, sérinngangur og garður. Uppl. í s. 899 7012.

2ja herbergja rúmgóð íbúð til leigu í Hafnarfirði, frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu og skóla, leiga 120.000 þús + bankaábyrgð. Hundaeigendur velkomnir. Upplýsingar í síma 6951676 eða jarlinn@hotmail.com

3ja herb. íbúð á svæði 203 til leigu gegn bankatryggingu, 3 mán. Leigutími 1 ár og möguleiki á framlengingu. Einungis reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Meðmæla er óskað. Leigufjárhæð kr. 115.000 pr. mánuð að meðt. hússjóð. Þeim sem hafa áhuga er bent á að senda inn umsóknir til FBL merktar „Kóp“.

Einbýlishús í Grafarvogi. Til leigu glæsillegt 200 fm einbýlishús á besta stað í Grafarvogi. Uppl. s. 0032 497 495 523.

Til leigu 2 herb. kjallarálf. í 108. Eingöngu reyklaust og reglusamt skóla-fólk kemur til greina. Leiga 80þ. á mán. Uppl. í s. 822 6863.

Húsnæði óskast

Húsnæði óskast handa Nordjobbunum á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Nauðsynlegt: rúm, aðgangur að baði, þvottaástöðu og eldhúsi. nordjobb@norden.is / 8999210

Fyrirtæki vantar tvær 3ja herb. íbúðir/hús eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snýrtímennsku og skilvisum greiðslum heitið. S. 820 7060 & 820 7062.

Rað-, par- eða einb.hús óskast til langtímaleigu (2-3 ár) í Grafarholti. Öruggar greiðslur, góð fyrirtæki greiðsla möguleg. Vinsam. sendið uppl. á hordur@mac.com.

SOS BRÁÐVANTAR 3 herb. íbúð í Vesturbæ langtímal. gr.geta allt að 100.000. Tvö í heimili. Trygging - góð meðmæli. Katrín 659 0311.

24 ára kk. óskar eftir stúdíólf., helst í Hlj. eða nágrenni sem fyrst. S. 659 4505.

Herbergi m/aðgangi og wc óskast. S. 581 2336.

TIL SÖLU

GRANÍT HÚSIÐ
www.granithusid.is
S: 544 5100
Granítborðplötur
granítflísar handlaugar
Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

Bílskúr

Til leigu. Blikahólar. 26 ferm., upph., heit/kalt vatn, 3ja fasa rafm. S. 863 3215.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

rent.is looking for a place to stay? Wide selections of short term rentals. www.rent.is

rent.is Erum með mikið af fullbúnum íbúðum á skrá í skammtímaleigu. www.rent.is

Sumargisting í Rvk.

3. Herb. ný íbúð, fullbúin húsgögnum, 4-5. rúm, ADSL, 2 nætur eða fl. Pantíð tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is símar 898 6033 & 698 9874.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873



AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi

Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, grófumenn, járnbindingarmenn, stepusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.

Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is



Cafe Oliver
Cafe Oliver óskar eftir matreiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116.
Chefs needed!



Sérsmiðað handrið, úr ryðfríu stáli, gleri eða áli, jafn úti sem inni. Einnig sérsmiðaðir stigar eða stttigar kit. Bæjarflöt 6, Grafarvog. S. 533 3700.

Gefðu vatn



TIL SÖLU



"Mamma er íslenskur meistari og pabbi forsiðumódel Sáms".

Aðeins 2 svartir rakkar og ein svört tik eftir úr þessu goti.

LABBI er elsta Labradorræktunin á Íslandi.

Nánari upplýsingar má finna á: www.123.is/labrador og í síma 893 7255.



Laus störf. Súfistinn bókakaffi Laugavegi 18

Hlutastarf við afgreiðslu og þjónustu. Upplýsingar gefur Silja í síma 659 9504

Súfistinn Hafnarfirði.

Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu

Frá 1. ágúst.

Hlutastarf nú þegar.

Upplýsingar gefur Hjördís í síma 694 9148.

Umsóknareyðublað á www.sufistinn.is

og á Kaffihúsum Súfistans.

Veitingahúsið Nings Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is



Bankastræti

Vegna stækkunar vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi störf barþjóna, þjóna í sal, dyraverði og glasabörn. Umsóknir sendist á b5@b5.is

Vélsmiðja í skipaþjónusu Óskum eftir að ráða járníðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi. Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.

Loftorka Reykjavík. Óskar eftir aðila til að þrifa og fleira að Miðhrauni 10, Garðabæ. Ca 4-5 tíma á dag. Vinnutími sveigjanlegur. Upplýsingar í síma 565 0875.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neighbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.



Wanted english speaking carpenters. Wanted for work straight away. Call Alan s. 897 8978 or Dennis s. 696 1080.



Café Victor óskar eftir hressu og skemmtilegu sumarstarfsfólki, bæði í fulla vinnu og helgar aukavinnu, þjónum í sal, barþjónum, aðstoðarfólki í eldhúsi og uppvöskurum. Fin laun í boði fyrir gott fólk. Reynsla fin en ekki nauðsyn.
Upplýsingar veitir Baldur í síma 692 0735.

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

SL ehf auglýsir eftir áreiðanlegum trésmiðum/vönnum mönnum í alhliða og fjölbreytta trésmiðavinnu. S. 894 3203.

Bonita snyrtistofa óskar eftir starfsmanni með menntun í snyrtifræði í 50-100% starf. góð kjör í boði. uppl. í síma 8661867 e.kl.19.00

Smiður og handlangari óskast til starfa. 101-Snikkarinn s. 698 2846.

Húsasmiðir eða menn vanir smiðum óskast til starfa hið fyrsta. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 662 0400

Hárstofan Noon
Nemi og sveinn óskast. Umsóknir sendist á bbkg@internet.is

Vantar vanan meiraprófsbílstjóra á nýjan sendibíl, 22 rúmmetra kassi, 2-3 tíma á kvöldin. Nánari uppl. í s. 567 6703 á kvöldin eða 825 2124 á daginn.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjelp.is

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stöttir atvinnulífsins. Erum einungis með taglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

GRILL
Uppskriftir

matseld.is
Matseld.is

Tapað - Fundið



Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu. Vilja foreldrar ath. í hjólageymslum hjá sér fyrir mig.

Halló! Ég heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Fyrir nokkru gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól frá Örninum í Skeifunni. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 4 vikum, það var tekið hjá kóngulárleiktækkinu hjá Fjölbaut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjólréiðatúr. Mamma og ég erum búin að leita voða mikið af hjólinu mínu.

Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!

Einkamál

18plús.is.
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plus.is



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Sölusýning í dag

Arnarneshæð
á móti hækandi sól

milli kl. 14 og 16

Glæsilegar íbúðir sólarmegin



Velkomin á Arnarneshæð

Má bjóða þér í heimsókn á skrifstofu okkar að Hofakri 1, jarðhæð. Þar erum við með ítarlegar upplýsingar um íbúðir og raðhús, teikningar og myndir, kort af hverfinu. Flestar íbúðir og raðhús eru í göngufæri. Hver veit nema rétta eignin fyrir þig sé á Arnarneshæð.



Nýjar gerðir íbúða

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Nánasta umhverfi húsanna er því sem næst fullfrágengið. Hverfið er í suðurhlíð og horfir móti hækandi sól. Umhverfið er yndislegt, enginn gegnumakstur í hverfinu, gönguleiðir fjölmargar og stutt í alla þjónustu.



Verðdæmi

- 2ja herb. íbúð, **76,8 fm**, verð frá 22 mkr
- 3ja herb. íbúð, **103,8 fm**, verð frá 26,5 mkr
- 4ra herb. íbúð, **138,2 fm**, verð frá 34,9 mkr
- Raðhús frá **248,9 fm**, verð frá 55 mkr

Við bjóðum

- Glæsilegt útsýni
- Íbúðir fyrir alla
- Stórar svalir á móti sól
- Bjartar íbúðir
- Viðhaldsfrí hús
- Allt að 90% fjármögnun

Frábært umhverfi

- Glæsilegt hverfi á besta stað í Garðabæ
- Bjart og opið hverfi
- Skjólsælar suðurhlíðar
- Lágrest byggð
- Græn svæði og göngustígar
- Enginn gegnumakstur í hverfinu
- Stutt í verslun og þjónustu

www.arnarnes.is



Sími 530 1500 • Suðurlandsbraut 52 • við Faxafen • www.husakaup.is

Eiginmaðurinn veit endinn

J.K. Rowling, höfundur bókanna um galdratrákinn Harry Potter, neitar að gefa nokkrum manni vísbendingar um endinn á síðustu bókinni í sériunni nema eiginmanni sínum.

Miklar umræður

hafa verið uppi að undanförunum um það hverjir deyi í síðustu bókinni, Harry Potter and the Deathly Hallows, eftir að Rowling tilkynnti að tvær persónur myndu fara yfir móðuna miklu.

Meira að segja Daniel Radcliffe, sem leikur Harry í kvikmyndunum um galdratrákinn, hefur ekkert

J.K. ROWLING
Höfundur Potter hefur aðeins sagt eiginmanni sínum frá endi síðustu bókarinnar.

fengið að vita. „Enginn okkar fær að vita nokkurn skapaðan hlut,“ sagði Radcliffe. „Ég held að bara maðurinn hennar J.K. Rowling hafi fengið að vita hvað gerist. Ég held að enginn annar viti það.“

Radcliffe hefur áður lýst því yfir að hann vonist til að Potter deyi í bókinni en vill ekki taka svo djúpt í árinu nú. „Fyrir tveimur árum sagðist ég vilja að Harry myndi deyja vegna þess að mér fannst það viðeigandi endir. Ég ætla samt ekki að segja það núna vegna þess að ég veit hvernig fyrirsagnirnar verða í fjölmiðlum. Ég held samt að það gæti verið líklegur endir vegna spádómsins sem var gerður um hann og Voldemort um að annar þeirra yrði að

deyja. Ég held að Potter gæti dáðið en ég hef samt ekkert fyrir mér í þeim efnum.“

RADCLIFFE
Daniel Radcliffe veit ekkert um endinn á síðustu bókinni um Harry Potter.



Stýrir óperu

Woody Allen ætlar að leikstýra óperu í september á næsta ári. Placido Domingo, stjórnandi óperuhússins í Los Angeles, hefur reynt að plata Allen í starfið í fjögur ár og tókst loksins ætlunarverk sitt.

„Ég hef ekki hugmynd um hvað ég er að gera en vankunnáttu hefur aldrei aftrað mér frá því að prófa hlutina,“ sagði Allen, sem mun leikstýra Gianni Schicchi, hluta af óperu Puccini Il Trittico. William Friedkin, sem leikstýrði The Exorcist og The French Connection, mun leikstýra hinum tveimur hlutum af Il Trittico.



WOODY ALLEN
Bandaríski leikstjórninn ætlar að leikstýra óperu á næsta ári.

Trassar rokkuðu grimmt

Pungarokkssveitin Trassar hélt útgáfutónleika á Gauki á Stöng í tilefni af útkomu fyrstu plötu sinnar, Amen. Sýndu þeir félagar að þrátt fyrir að vera ein fyrsta þungarokkssveit landsins hafa þeir engu gleymt.

Hljómsveitin Trassar var stofnuð fyrir tuttugu árum. Eftir fjórtán ára hlé tók sveitin upp þráðinn á ný fyrir sex árum og er af raksturinn nú kominn út. Trassar tóku þrisvar þátt í Músiktilraunum Tónabæjar á árunum 1989 til 1991 og lenti í öðru sæti 1991 á eftir dauðarokkssveitinni Infusoria, sem síðar breytti nafni sínu í Sororicide.

TRASSAR Þungarokkarnir í Trössum rokkuðu grimmt á Gauki á Stöng.



RÚNAR OG BALDUR Goðsögnin Rúnar Júlíusson og Baldur Bjarnason létu sig ekki vanta á tónleikana.



HLÝDDU Á TRASSA Félagarnir Úlli, Hörður og Núlli hlýddu á Trassa gera allt vitlaust á Gauknum.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1.
verðlaun
í Þýskalandi
W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Durrkari T223
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 78.540
- Verð frá kr. 106.600

EIRVÍK -háæðheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Pitt kom Jolie á óvart

Leikkonan Angelina Jolie féll gjörsamlega fyrir Brad Pitt skömmu eftir að hún kynntist honum við tökum á myndinni Mr. & Mrs. Smith. Kom það henni á óvart hversu margbrotinn persónuleiki hann var.

„Fyrirfram hefði ég aldrei trúað því að þessi maður gæti verið yndislegur faðir sem vill hjálpa fólki og einhver sem ég gæti talað við um stjórnmal,“ sagði Jolie. „Hann er miklu margbrotari en fólk gerir sér grein fyrir.“

Jolie segir að Pitt hafi verið sér stoð og stytta. „Þegar er ég lenti í vandræðum vil ég oft vera einsömul en hann er frábær hlustandi og hefur gefið mér mörg

JOLIE OG PITT
Angelina Jolie er yfir sig ástfangin af Brad Pitt.



Sýningar á sögulofti

MR. SKALLAGRÍMSSON

Lúni: 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamsetur.is



Weislusetrið



Erfidrykkjur
Smurt brauð
Kaffihlaðborð

Weislupjónusta
Weislusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

Coca-Cola
zero

Yippee-Ki-Yay, Mo...!

JOHN MCCLANE ER MÆTTUR AFTUR! ÞARF AÐ SEGJA MEIRA!

DIE HARD 4.0

HEIMSFRUMSÝND 27. JÚNÍ UM LAND ALLT!

SMS
LEIKUR

DIE HARD
4.0

9. HVER
VINNUR!

BÍÓMIÐI

SENDU SMS **JA DHV**
Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIRA!

www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is

SHREK, Fíóna, Stígvelaði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

SHREK THE THIRD

OCEAN'S THIRTEEN

CODE NAME THE CLEANER

ÁLFABAKKA					
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 2-4-6-8-10:10	L	OCEAN'S 13 VIP	kl. 3-5:30	
SHREK 3 VIP	kl. 8-10:10		PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 2-4-6-8-10	10
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-4-6	L	ZODIAC	kl. 6-9	16
OCEAN'S 13	kl. 3-5:30-8-10:30	7	ROBINSON... M/- ISL TAL	kl. 2-4	L

KRINGLUNNI				AKUREYRI			
SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL	kl. 12-3-8:15-10:20	L	SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 6-8-10:10	L		
SHREK 3 M/- ISL TAL DIGITAL	kl. 12-2:15-4:15-6:15	L	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-4-6-8	L		
CODE NAME CLEANER	kl. 12-2-4-6-8-10:10	10	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7		
OCEAN'S 13	kl. 8-10:30	7	PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 2	10		
PIRATES 3	kl. 5	10					

KEFLAVÍK					
SHREK THE THIRD	kl. 2-4-6-8	L			
FANTASTIC FOUR	kl. 2-4-6	L			
CODE NAME...	kl. 8-10	L			
HOSTEL 2	kl. 10	12			

SPARBÍÓ 450 kr.
á allar sýningar merktar með appelsínugala á laugarögögum og sannadögum

Ráku rangan mann

Leikarinn Isaiah Washington, sem var rekinn úr læknaþættinum Grey's Anatomy vegna ummæla sinna um samkynhneigða, segir sjónvarpsstöðina ABC hafa rekið rangan náunga.

Washington segir að fyrrum koll-egi sinn T.R. Knight hafi ýtt undir það að hann skyldi vera rekinn og í raun og veru hefði Knight átt að vera rekinn í stað hans. Var það einmitt Knight sem kom út úr skápnunum skömmu eftir ummæli Washington baksviðs á Golden Globe-verðlaunahátíðinni í janúar síðastliðnum.

Íhugar málshöfðun

„Ég verð að hreinsa nafn mitt,“ sagði Washington í samtali við dagblaðið The Chronicle. „Ég vil byrja á byrjuninni. Ég ætla að leysa frá skjóðunni.“

Washington, sem er að íhuga málshöfðun, hefur sakað Knight um að hafa nýtt sér ummæli sín til að fá launahækkun og stækka hlutverk sitt í þættinum.

Washington segist ekki hafa talað niður til Knight vegna kynhneigðar hans er hann reifst við meðleikara sinn Patrick Dempsey, þrátt fyrir að Knight hafi haldið því fram í spjallþætti Ellen DeGeneres. „Það er algjör lygi,“ sagði Washington. „Ég notaði þetta orð í rífrildi við Patrick og baðst afsökunar á því. Við tókumst í hendur og héldum áfram að vinna.“

Mjög vonsvikinn

Washington var harðlega gagnrýndur fyrir ummæli sín á Golden Globe-hátíðinni af samtökum samkynhneigðra. Baðst hann af-



ISAIAH WASHINGTON Washington, lengst til vinstri, er afar vonsvikinn yfir því að hafa misst „læknaeyfi“ sitt.

sökunar á hegðun sinni og sagðist ætla í meðferð. Auk þess gaf hann út yfirlýsingu þar sem hann lýsti yfir iðrun sinni.

„Ég var ekki rekinn fyrir að tala

illa um samkynhneigða. Ég gerði allt sem ég sagðist ætla að gera. Ég vildi að allir sæju að ég iðraðist. Ég er ekki reiður, heldur mjög vonsvikinn.“

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SHREK THE THIRD

SHREK HINN ÞRIÐJI

FANTASTIC FOUR

HOSTEL 2

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
SHREK 3 enskt tal	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L	
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 2, 4, 6 og 8	L	
FANTASTIC FOUR 2	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L	
HOSTEL 2	kl. 10	18	

www.laugarasbio.is

Andismaismapönk

Vafasöm síðmótun er hljómsveit ættuð úr Breiðholti og var platan tekin upp á fyrstu æfingu sveitarinnar. Engan kjarneðlisfræðing þarf því til þess að átta sig á að hér er pönkhljómsveit á ferð. Ef þetta er ekki nóg til að sannfæra ykkur þá eru lög á borð við Glue Room, Forsetinn er svín!, Ríkisstjórnarrassgat og Allsherjar samsæri að finna á plötunni. Ég veit ekki hvað þarf meira til þess að búa til pönk.

Jú, auðvitað þarf tónlistin að fylgja með og þar er Vafasöm síðmótun svo sannarlega samkvæm sjálfri sér. Reyndar, sé miðað við þau ömurlega upptöskilyrði sem platan var tekin upp í, þá er voðalega erfitt að annað komi út en pönk. Og hljómurinn er svo sannarlega pönkaður á þessari plötu. Gítarinn urgar skemmtilega, bassinn þéttur og grófur og trommurnar einfaldar

en háværar. Síðan er það söngurinn sem sveiflast úr dökku, hefðbundnum pönki yfir í æpandi gaul og á milli fléttast inn talað mál sem virkar oft hressilega vel (Uppáhalds: „Ég er andismaisti í andismaismaheimi“).

Vafasöm síðmótun minnir auðvitað mikið á þessar helstu pönksveitir en er á margan hátt tilrauna-kenndari. Ég meina, hér eru mörg lög yfir þrjár mínútur, og meira að segja eitt lag sem er nærri fimm mínútur og annað sem er yfir ellefu mínútur! Mörg lög finnst mér sérstaklega minna á Big Black nema að Steve Albini er augljóslega ekki upptökustjórnin.

Utgáfa plötunnar er til styrktar góðu málefni sem er ekkert annað en gott mál. Platan fæst í Smekkleysu plötubúð og 12 tónum, kostar aðeins 500 krónur og allur ágóði plötunnar rennur til félagsins Ísland-Palestína. Lifi pönkið!

Steinþór Helgi Arnsteinsson



TÓNLIST

Vafasöm síðmótun

Vafasöm síðmótun

★★★

Flott pönk til að hafa gaman af en erfitt að taka of alvarlega þó kannski sé full ástæða til.

NÝTT Í BÍÓ!

SANDRA BULLOCK

PREMONITION

MARTRÖÐ EDA RAUNVERULEIKI?

MÖGNUÐ SPENNUMYND UM KONU SEM MISSIR EIGINMANN SINN Í BÍLSLYSI... EDA EKKI?

SHREK, FÍÓNA, ASNINN OG STÍGVELAÐI KÖTTURINN ERU MÆTT AFTUR Í SKEMMTILEGASTA ÆVINTÝRI ALLRA TÍMA.

STÆRSTA ÖPNUN Á TEIKNIMYND FYRIR OG SÍÐAR.

SHREK HINN ÞRIÐJI

LUXUS

„...besta sumar-afþreyingin til þessa.“
SV- MBL

„Gripandi atburðarás og vönduð umgjörð, hentar öllum“
Ó.H.T. - Rás 2

EIN SVALASTA STÓRMÝND ÁRSINS!

FANTASTIC FOUR

HOSTEL 2

THE LAST MIMZY

SPIDERMAN 3

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000				REGNBÖGINN Sími 551 9000			
SHREK THE THIRD (ENSKT TAL)	kl. 1-3-5-7-9-10-11:10		PREMONITION	kl. 3-5:45-8-10:15	12		
SHREK THE THIRD LÚXUS	kl. 1-3-5-7-9-10-11:10		FANTASTIC FOUR 2	kl. 3-6-8:20-10:30			
SHREK HINN ÞRIÐJI (ISL TAL)	kl. 1-3-5-7-9-10-11:10		THE HOAX	kl. 3-5:30-8-10:30	12		
FANTASTIC FOUR 2	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10		28 WEEKS LATER	kl. 5:50-8-10:10	16		
HOSTEL 2	kl. 8-10:10	18	SPIDERMAN 3	kl. 3	10		
THE LAST MIMZY	kl. 1-3						
SPIDERMAN 3	kl. 5	10					

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919				ALFABAKKA Sími 462 3500			
PREMONITION	kl. 3:45-5:50-8-10:10	12	PREMONITION	kl. 8-10	12		
FANTASTIC FOUR 2	kl. 4-6-8-10		FANTASTIC FOUR 2	kl. 4-6-8-10			
HOSTEL 2	kl. 8-10	18	THE LAST MIMZY	kl. 4-6			
THE INVISIBLE	kl. 4-6	16					
28 WEEKS LATER	kl. 10:30	16					
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30-8	14					

450 kr. í bíó!

MIDASALA á midi.is BÍÓ,IS

SHREK THE THIRD

SHREK HINN ÞRIÐJI

HOAX

450

450

450

SMÁRA BÍÓ Aðeins 450 kr. REGNBÖGINN

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

Synd með íslensku og ensku tali

SHREK THE THIRD

SHREK HINN ÞRIÐJI

ATH. SYND KL. 2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Cavalli til H&M

Ítalski tiskuhönnuðurinn Roberto Cavalli er næsti hönnuður sem hannar línu fyrir verslanakeðjuna H&M. Cavalli er frægastur fyrir að hafa hannað fót á stjórnur eins og Madonna, Beyoncé og Jennifer Lopez auk Victoriu Beckham en hönnuðurinn er einstaklega hrifinn af þeirri síðastnefndu sem oft hefur komið fram í tiskusýningum hans. „Roberto Cavalli hefur skapað sinn eigin heim fullan af fantasíu í litum, mynstrum og stíl,“ segir Margareta Van Der Bosch, listrænn stjórnandi H&M.

Cavalli mun hanna línu með tuttugu karlmannsflíkum, 25 kvenmannsflíkum auk undirfatnaðs og fylgihluta sem mun koma í um tvö hundruð H&M verslanir um allan heim 8. nóvember í haust. „Ég er stoltur af því að vera fyrsti ítalski hönnuðurinn sem hannar fyrir H&M og hlakka til að kynna hönnun mína fyrir nýjum viðskiptavinum,“ sagði Cavalli en áður hafa



ROBERTO CAVALLI Hann er nýjasti hönnuðurinn sem hannar línu fyrir H&M. Hér er hann ásamt Camillu Al-Fayed.

Karl Lagerfeld, Stella McCartney og Victor&Rolf hanna línu fyrir H&M.

Vill nefna barn sitt Golíat

Noel Gallagher vill nefna ófætt barn sitt Golíat eða Ghandi. Gallagher, sem er gítarleikari bresku sveitarinnar Oasis, og unnusta hans Sara MacDonald eiga von á sínu fyrsta barni í sumar og Noel vill að nafnið stuðli við eftirnafnið. „Ég er hrifinn af Gandhi eða Golíat - þælið í því, Gandhi Gallagher. En það skiptir í raun ekki máli svo lengi sem nafnið byrjar á G,“ sagði Noel. Hann hefur verið að velja nafni barnsins fyrir sér um nokkurt skeið. Fyrir skömmu var hann að íhuga að skýra barnið Chutney eða Gizmo þar sem hann vildi ekki að barnið myndi heita asnalegu nafni. Gallagher á fyrir sjö ára gamla dóttur, Anais, með Meg Matthews fyrrverandi eiginkonu sinni.



NOEL GALLAGHER Gítarleikari Oasis íhugar að skýra barn sitt Golíat eða Ghandi.

Í hlutverki Mandela

Leikarinn Morgan Freeman hefur samþykkt að leika mannréttinda-leiðtoga Nelson Mandela í nýrri kvikmynd sem nefnist The Human Factor. Er myndin byggð á væntanlegri bók Johns Carlin, The Human Factor: Nelson Mandela and the Game that Changed the World.

Myndin gerist í Suður-Afríku árið 1995 eftir endalok aðskilnaðarstefnunnar, þegar þjóðin var gestgjafi heimsmeistarakeppninnar í ruðningi. Reyndi Mandela að nota keppnina til að binda endi á hatríð á milli þeldökkra og hvítu í landinu. Freeman sést næst á hvíta tjaldu í framhaldsmyndinni Evan Almighty.



MORGAN FREEMAN Leikarinn Morgan Freeman ætlar að leika Nelson Mandela.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **John Travolta** telur að ekki sé hægt að kenna auðveldu aðgengi að byssum í Ameríku um allar þær skotárásir sem átt hafa sér stað í skólum undanfarna ár. „Ég held að ef aðstæður árásmannanna eru rannsakadar vel þá muni koma í ljós að orsakavaldurinn er ekki aðgengi að byssu, heldur eitru-lyf,“ sagði John Travolta sem hefur sterka skoðun á málinu. „Ég er ekki að reyna að valda deilum, ég hef bara skoðun á þessu.“

Lindsay Lohan virðist ætla að lengja dvöl sína á meðferðarheimilinu Promises í Malibu þar sem hún hefur dvalið undanfarið. „Hún mun lengja dvöl sína og verður þarna í rúman mánuð,“ sagði vinur hennar. „Vinnuáætlun hennar setur aðeins strík í reikninginn en hún tekur meðferðina mjög alvarlega að þessu sinni og er ekki með neina stæla.“



Michael Lohan, pabbi Lindsay, sagði í viðtali við The Insider þáttinn að Lindsay hefði leitað til guðs. „Lindsay hefur fundið réttu brautina vegna þess að hún fer nú í kirkju og það veit á gott.“

Frá 9.900 kr. aðra leiðina

London

+ Nánari upplýsingar og bókaðu á www.icelandair.is

Sölu tímabil Special Offer tilboða: 22. júní–13. júlí.
Ferðatímabil: 17. júlí–10. desember.

Takmarkað sætaframboð.

WWW.ICELANDAIR.IS

Jónsmessutónleikar

Tónlistarhópurinn Kvaka heldur tónleika í Ljósafosstöð, sunnudaginn 24. júní kl. 15.

Kvaka hópinn skipa þau Þorvaldur Kristinn Þorvaldsson; bassi, Geirþróður Ása Guðjónsdóttir; fiðla, Matthildur Anna Gísladóttir; píanó og Björg Þórsdóttir; sópran, en þau stunda öll nám við Listaháskóla Íslands.

Dagskrá tónleikanna samanstendur eingöngu af íslenskrum tónlist, t.d. eftir Karl O. Runólfsson, Tryggva M. Baldvinsson, Jóranni Viðar öfl.

Allir velkomnir – aðgangur ókeypis.

Kynnist okkur af eigin raun
Heimsækið Landsvirkjun í sumar.
Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

➤ Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.

Landsvirkjun

> Sveinn Elías með forystu

Sveinn Elías Elíasson hefur forystu eftir fyrri keppnisdag á Norðurlandamóti unglinga í fjölþraut sem fer fram í Vejle í Danmörku um helgina. Hann bætti til að mynda Íslandsmet í 400 m hlaupi er hann hljóp á 48,53 sekúndum og náði þar með lágmarki á EM 19 ára og yngri í greininni. Hann er með 3.873 stig en hann keppir í tugþraut. Fimm aðrir íslenskir keppendur taka þátt í móttinu.

sport

sport@frettabladid.is



GEIR ÞORSTEINSSON: KSÍ VISSI EKKI AF ÁSTÆÐUM HEIÐARS HELGUSONAR FYRIR AÐ HÆTTA MEÐ LANDSLIÐINU

Verðum að treysta á menn sem treysta sér sjálfir

Heiðar Helguson sagði í gær í viðtali við Morgunblaðið að hann væri hættur að leika með íslenska landsliðinu. Sagði hann ástæðuna vera að hann vildi hlífa sér við álaginu sem fylgir því að spila með landsliðinu vegna bakmeiðsla sem hafa hrjáð hann í mörg ár.

Heiðar var síðast í íslenska landsliðinu í september síðastliðinn og hefur síðan ekki gefið kost á sér af persónulegum ástæðum. Það var ekki fyrir en í gær að hann greindi frá þessum ástæðum.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, vissi ekki af ástæðum Heiðars fyrir en hann las viðtalið sjálfur í gær. „Það er langt síðan ég talaði við hann síðast. Ég vissi bara að hann væri í erfiðleikum og ég hef vitað af þessum bakmeiðslum sem



hafa þjakað hann lengi,” sagði Geir. Hann sagðist ekki vita ástæður þess að hann kaus að greina frá ástæðum sínum í viðtali við fjölmiðil en ekki beint við KSÍ. „Ég ber engan kala til Heiðars. Það er álag sem fylgir því að spila fyrir bæði félagslíð og landslið og menn mega ekki koma meiddir í landsleik. Ég vildi alltaf hafa Heiðar með en virði hans ákvörðun. Við getum ekki treyst á menn sem ekki treysta sér sjálfir.”

Margar sögusagnir hafa gengið um ástæður Heiðars að hætta með landsliðinu og segir Geir þær flestar hálfömurlegar. Ein þeirra er að Heiðar hafi hætt með landsliðinu vegna ósættis og KSÍ hafi lagt hart að honum að greina ekki opinberlega frá

þeim. „Það er algerlega úr lausu lofti grip-ið. Ég hef góðan kunningssskap við Heiðar og hafi eitthvert ósætti átt sér stað veit ég alla vega ekkert af því. Hann er nú loksins búinn að greina frá sínum ástæðum og hefði svo sem getað gert það fyrir. Ég veit ekki af hverju hann kaus að gera það svona.”

En Geir vill ekki útiloka neitt hvað framtíðina varðar. „Ég hef alltaf sagt við leikmenn að það borgi sig ekki að segja of mikið um framtíðina. Sumir hafa snúið aftur en þar sem hann á í vandræðum með líkamlegt ástand sitt er málið vissulega erfitt.”

Hvorki náðist í Heiðar né Eyjólf Sverrisson landsliðsþjálfara í gær.



RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR Með örugga forystu á Leirunni. MYND/VALUR

Kaupþingsmótaröðin:

Davíð Már enn með forystu

GOLF Davíð Már Vilhjálmsson, kyllingur úr golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ, hefur þriggja högga forystu eftir annan keppnisdag á móti á Hólmsvelli sem er liður í Kaupþingsmótaröðinni.

Haraldur Hilmar Heimisson kemur næstur á einu höggi yfir pari ásamt Sigurbóri Jónssyni.

Ragnhildur Sigurðardóttir hefur örugga forystu í flokki kvenna og er samtals á sex höggum yfir pari. Hún hefur níu högga forystu á Nínu Björk Geirsdóttur og Eygló Myrru Óskarsdóttur. - esá

Evrópubíkarkeppni í frjálsum:

Þórey Edda vann sína grein

FRJÁLSAR Þessa helgina fer fram Evrópubíkarkeppni landsliða í Óðinsvéum í Danmörku en Ísland keppir þar í 2. deild. Eftir fyrri keppnisdaginn eru bæði karla- og kvennalandsliðið í sjöunda sæti í stigakeppninni.

Eini íslenski keppandinn sem vann sína grein var Þórey Edda Elísdóttir sem stökk slétta fjóra metra í stangarstökki. - esá

Linnéll vill hefna ófaranna

Ingemar Linnéll, landsliðsþjálfari Svía, segir að nú sé kærkomið tækifæri fyrir sína menn að hefna ófaranna frá því í fyrra er Ísland sló út Svíþjóð í undankeppni HM 2007. Svíar eru afar ánægðir með riðilinn sem liðið var dregið í.

HANDBOLTI Ingemar Linnéll, þjálfari sænska landsliðsins, vill hefna ófaranna frá því að Ísland sló út Svíþjóð í forkeppni HM í Þýskalandi sem fór fram fyrir á árinu. Ísland og Svíþjóð drógust saman í riðil í EM í handbolta sem fer fram í Noregi á næsta ári ásamt Frakklandi og Slóvakíu. Íslendingar og Svíar mætast strax í fyrsta leik.

„Aftur Ísland!“ voru fyrstu viðbrögð sænska landsliðsþjálfarans við drættinum. „Við töpuðum fyrir Íslandi í umspili um laust sæti á HM í Þýskalandi og nú höfum við tækifæri til að hefna þess. Okkar takmark er að komast í milliriðilinn,“ sagði Linnéll síðar.

Sænskir fjölmiðlar fjölluðu í gær um dráttinn og segja sumir að um draumariðil sé að ræða. Það verði að visu erfitt að vinna Frakka en liðið eigi að vinna Slóvakíu. Svo verði það leikurinn gegn Íslandi sem gæti farið á hvorn veginn sem er.

„Upphafsléikurinn verður gríðarlega mikilvægur. Bæði lið eiga



GAMLA GRÝLAN Ísland drap Svíagrýluna á lýðveldisdeginum í fyrra en hún gæti farið að gera vart við sig á ný á EM í Noregi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

jafna möguleika á sigri,“ sagði Ljubomir Vržanec, leikmaður sænska landsliðsins, við Expressen. „Slóvakíu eigum við að vinna. Við erum alla vega mun sigur-

stranglegrí aðillinn í þeim leik.“

Linnéll vildi ekki taka svo sterkt til orða. „Við þökkjum vel til Frakka og Íslendinga. Á móti kemur að ég þekki ekki jafn vel til Slóvakíu og er þess vegna óviss um þann leik.“

Þrjú lið komast áfram í milliriðlakeppnina en þar sem liðin taka stigin úr innbyrðisviðureignum með sér er ljóst að hver einasti leikur er gríðarlega mikilvægur.

Ísland var einnig í riðli með Frökkum á HM í Þýskalandi og þá bar liðið sigur úr bítum á eftirminnilegan máta. Það er einnig stutt síðan að Ísland vann Svía þannig að fordæmin fyrir sigrum eru vissulega til staðar.

Svíar hafa misst af síðustu tveimur stórmótum í handbolta og má því búast við hörkurimmu er íslenska landsliðið mætir þeim strax í fyrstu umferð riðlakeppninnar í Noregi. eirikur@frettabladid.is



VEIGARI FAGNAÐ Leikmenn Stabæk fagna Veigari Páli Gunnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Einkunnirnar í Noregi:

Veigar bestur

FÓTBOLTI Ellefta umferð norsku úrvalsdeildarinnar fór fram í vikunni en sú tólfða hófst reyndar í gær með leik Álasunds og Vålerenga.

Veigar Páll Gunnarsson fékk bestu dómanna í einkunnagjöf fjögurra stærstu miðla Noregs fyrir frammistöðu sína í 2-1 sigri liðsins á Viking. Hann lagði upp fyrra mark sinna manna.

Gardar Jóhannsson var eini Íslendingurinn sem skoraði í umferðinni en hann gerði jöfnunarmarkíð í 2-2 jafntefli Fredrikstad og Sandefjord. Hann lagði reyndar líka upp fyrra mark Fredrikstad.

Brann náði sér aftur á strik eftir 6-0 tap fyrir Lyn með 2-1 sigri á Álasund. Kristján Örn Sigurðsson þótti standa sig vel í leiknum. - esá

EVROPUMEISTARAMÓTIÐ Í NOREGI 2008

A-riðill	B-riðill	C-riðill	D-riðill
Stafangur	Drammen	Björgvin	Prándheimur
Króatía	Danmörk	Spánn	Frakkland
Slóvenía	Rússland	Þýskaland	Ísland
Pólland	Noregur	Ungverjaland	Slóvakía
Tékkland	Svartfjallaland	Hvíta-Rússland	Svíþjóð

Riðlakeppnin fer fram dagana 17.-20. janúar. Þrjú efstu liðin í hverjum riðli komast áfram í milliriðla og taka stig úr innbyrðisviðureignum með sér.

Milliriðill 1

Þrjú efstu liðin úr A- og B-riðlum. Keppt verður í Stafangri.

Milliriðill 2

Þrjú efstu liðin úr C- og D-riðlum. Keppt verður í Prándheimi.

+ Nánari upplýsingar og bókaðu á www.icelandair.is

Sölutímabil Special Offer tilboða: 22. júní–13. júlí.
Ferðatímabil: 17. júlí–10. desember.

Takmarkað sætaframboð.

Frá 9.900 kr. aðra leiðina

OSLÓ



WWW.ICELANDAIR.IS

Jónas Kristinsson, formaður KR Sports:

Allra leiða leitað til að koma KR á rétta braut

FÓTBOLTI Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, segir að stjórn félagsins leiti nú allra leiða til að leiða KR úr þeim ógöngum sem liðið er komið í eins og hann orðar það sjálfur.

KR hefur einungis fengið eitt stig úr þeim sjö umferðum sem lokið er í Landsbankadeild karla það sem af er og situr langneðst á botni deildarinnar.

„Við erum staddir með bakið upp við vegg og menn eru einfaldlega að ráða sínum ráðum, sjá hvaða brögðum við getum beitt til að koma stórveldinu á réttan kjöl á nýjan leik,“ sagði Jónas við Fréttablaðið í gær.

Áður hefur verið greint frá því að áhrifamenn í KR eru ósam-



JÓNAS KRISTINSSON Formaður KR Sports. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

mála um hvort Teitur Þórðarson, þjálfari liðsins, eigi að taka poka sinn. Jónas vildi aðspurður ekki útiloka það að Teitur yrði rekinn.

„Það eina sem ég get sagt í bili er að menn eru að meta stöðuna, það er allt og sumt.“ - esá

Formúla 1 á Íslandi

Nico Rosberg
ökupór Williams í F1

í Smáralind 26. júní



FORMÚLU 1 ÖKUMAÐURINN NICO ROSBERG EKUR FULLBÚNUM WILLIAMS 2007 KEPPNISBÍL VIÐ SMÁRALIND 26. JÚNÍ

Í TILFNI FORMÚLUDAGSINS GEFST VIÐSKIPTAVINUM HAGKAUPA KOSTUR Á AÐ VINNA FERÐ FYRIR TVÖ Á FORMÚLU 1 Í SILVERSTONE Í BRETLANDI.

Það eina sem þú þarft að gera er að koma og versla í Hagkaupum, setja nafn og símanúmer aftan á kassakvittunina og setja í merka þáttökukassa í verslunum okkar.

Dregið verður úr þáttökuseðlum 25. júní og sigurvegari tilkynntur á Formúludeginum 26. júní, þegar Rosberg ekur alvöru formúlubíl sínum við Smáralind.

Bíllinn verður settur saman í Vetrargarðinum 25. júní.

Einstakt tækifæri til að upplifa hraðann, hávaðann og spennuna í Formúlu 1.

Fáðu eiginhandaráritun hjá Nico Rosberg og skoðaðu Williams bílinn í návígi.

Akstursleið er við suðvestur horn Smáralindar (efra bílplan).

DAGSKRÁ 26. JÚNÍ:

16:00 – Undirbúningur fyrir akstur.

16:30 – **Fyrri sýnikappakstur.**

16:45 – Tilkynntur sigurvegari í Formúluleik Hagkaupa.

17:00 – Bíll til sýnis og Rosberg gefur áritanir.

18:00 – **Seinni sýnikappakstur.**

HAGKAUP
Stemmtilegast að versla

Intertoto-keppnin:

Hammarby rétt marði Klaksvík

FÓTBOLTI Svænska úrvalsdeildarliðið Hammarby vann í gær nauman 1-0 sigur á KÍ Klaksvík í Intertoto-keppninni á heimavelli í gær. Heiðar Geir Júlíusson og Gunnar Þór Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Hammarby en þeir voru teknir af velli í síðari hálfleik.

Mark Hammarby kom strax á þriðju mínútu en sigurvegari viðureignarinnar mætir annaðhvort Val eða Cork City í næstu umferð.

- esá

Norska úrvalsdeildin:

Álasund úr fallsæti í Noregi

FÓTBOLTI Haraldur Freyr Guðmundsson og félagar í norska úrvalsdeildarfélaginu Álasund unnu í gær góðan sigur á Vålerenga, 1-0. Markið kom snemma leiks en Haraldur lék allan leikinn sem og Árni Gautur Arason í marki Vålerenga.

Með sigrinum kom Álasund sér úr fallsæti í norsku deildinni en liðin sem þar sitja eiga reyndar leik til góða.

- esá

Valsmenn voru sjálfum sér verstir

Valsmenn hlutu í gær slæma útreið á Laugardalsvelli er liðið tók á móti Cork City frá Írlandi í fyrri leik liðanna í Intertoto-keppninni. Skelfileg mistök Kjartans Sturlusonar markvarðar kostuðu Val tvö mörk.

FÓTBOLTI Valur tapaði í gær fyrir írsku liðinu Cork City, 2-0, á Laugardalsvelli. Liðin mætast á nýjan leik á Írlandi um næstu helgi og ljóst að þar verður róður Valsliðsins afar þungur. Skelfileg mistök Valsmanna, bæði hjá markverði og í sókn, urðu liðinu að falli.

Valsmenn urðu fyrir miklu áfalli strax á fimmtu mínútu leiksins er gestirnir komust yfir. Rene Carlsen gaf Írunum hornspyrnu að óþörfu og úr henni kom markið. Boltinn kom inn á teig og hætti Kjartan Sturluson markvörður sér út í langt úthlaup og kýldi boltann fram. Boltinn barst þá á miðjumanninn Colin O'Brien sem lét vaða að marki og hafði boltinn viðkomu í varnarmanni Vals áður en hann hafnaði í netinu. Kjartan var ekki búinn að ná sinni stöðu aftur við marklínuna.

Á 33. mínútu átti sér stað ótrúlegt atvik. Valsmenn fengu horn og úr því náði Dennis Bo Mortensen að skalla að marki og var boltinn á leiðinni inn. Helgi Sigurðsson tók hins vegar boltann og stýrði honum yfir markið. Þetta



BARÁTTA Valsmaðurinn Rene Carlsen stingur Liam Kearney af. Valsmenn náðu sér ekki á strík í leiknum og gekk illa að byggja upp hættulegar sóknir gegn liði Cork.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

